

**Úttekt á enskukennslu í grunnskólum
veturinn 2005-2006**

Unnin fyrir menntamálaráðuneytið

Lovísa Kristjánsdóttir

Laufey Bjarnadóttir

Samúel Lefever

Júní 2006

SAMANTEKT

Úttekt á enskukennslu í grunnskóla veturinn 2005-06 tengist framkvæmd Aðalnámskrár grunnskóla sem tók gildi 1999. Markmið úttektarinnar var meðal annars að afla upplýsinga um framkvæmd enskukennslu, svo sem kennsluhætti, námsefni, áherslur og markmiðssetningu, og afla upplýsinga um stöðu námsgreinarinnar á skólastiginu. Úttektin náði einnig til kennara og var ætlað að upplýsa um menntun þeirra, viðhorf og bakgrunn. Jafnframt skyldi með úttektinni fást tillögur um hvernig bæta mætti kennslu og árangur í námsgreininni

Þátttakendur í úttektinni voru nemendur í 5., 9. og 10. bekk í átta grunnskólum ásamt þeim kennurum sem kenndu ensku í þessum árgöngum. Fimm skólanna voru á Reykjavíkursvæðinu en þrír utan þéttbýlis, á Suður- og Vesturlandi. Við úttektina var bæði beitt megindegum og eigindlegum aðferðum. Spurningarlistar vour lagðir fyrir þátttakendur, bæði nemendur og kennara, farið var í heimsókn í kennslustundir og rætt við kennara.

Helstu niðurstöður voru, að allir kennararnir sem kenndu ensku voru með full kennsluréttindi en aðeins hluti þeirra var með ensku sem valgrein í kennaranámi sínu eða háskólapróf í ensku. Allir kennararnir kenndu jafnframt aðrar námsgreinar í mismiklum mæli. Bekkjarkennarar í yngri bekkjum kenndu allar námsgreinar og í efri bekkjardeildunum kenndu kennararnir einnig mjög margar námsgreinar í bekkjum sínum.

Enskan er vinsæl námsgrein sem nemendur telja mikilvægt að læra. Þeim finnst að hún nýtist þeim í daglegu lífi og í samskiptum við útlendinga. Strákar telja kunnáttu sína betri en stelpur gera og þeir segjast eyða svolítið minni tíma í heimavinnu en stelpur. Í 9.-10. bekk eru nemendur ekki sérlega ánægðir með námsefnið og þessa óánægju má líka merkja hjá kennurum.

Kennarar eru sáttir við Aðalnámskrá grunnskóla og styðjast við hana í kennslunni. Hefðbundnar kennslu- og námsmatsaðferðir eru ríkjandi. Kennarar nota ensku í kennslustundum frekar en nemendur, sem vilja fá fleiri tækifæri til að þjálf sig í að tala ensku. Æskilegt er að auka munnlegan þátt enskunnar í kennslunni. Aðrar úrbætur, sem úttektaraðilar leggja til, tengjast nauðsyn þess að auðvelda kennurum að sækja sér endurmenntun í ensku og kennslufræði tungumála. Eins er í skýrslunni bent á mikilvægi þess að hafa ætð gott úrval námsefnis í boði sem kennarar geta valið um.

Efnisyfirlit:

SAMANTEKT	2
Efnisyfirlit:	3
TÖFLULISTI:	4
MYNDALISTI:	5
INNGANGUR	6
<i>Uppbygging skýrslunnar</i>	<i>6</i>
MARKMIÐ MÁLANÁMS	7
ÚTTEKT Á ENSKUKENNSLU	8
<i>Markmið – hvað er verið að meta?</i>	<i>8</i>
ÞÁTTTAKENDUR	8
<i>Skólar, nemendur og kennarar</i>	<i>8</i>
<i>Framkvæmd úttektarinnar</i>	<i>10</i>
<i>Spurningalistar</i>	<i>10</i>
NIÐURSTÖÐUR	11
SVÖR NEMENDA VIÐ SPURNINGLISTUM MEÐ FJÖLVALSSPURNINGUM	12
<i>Mikilvægi enskukunnáttu</i>	<i>12</i>
<i>Enska sem námsgrein</i>	<i>19</i>
<i>Námsefni</i>	<i>22</i>
<i>Notkun ensku í kennslustundum</i>	<i>23</i>
<i>Kennsluaðferðir</i>	<i>27</i>
<i>Heimavinna</i>	<i>34</i>
<i>Enska í umhverfinu</i>	<i>36</i>
OPNAR SPURNINGAR UM VIÐHORF NEMENDA TIL ENSKUKENNSLU	41
SVÖR KENNARA VIÐ SPURNINGALISTUM OG VIÐTÖL	44
VETTvangsathuganir - skólaheimsóknir	49
SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	52
UMRÆÐUR	57
ÁBENDINGAR	60
<i>„In English, please“</i>	<i>60</i>
<i>Tölvur og tölvunotkun</i>	<i>61</i>
<i>Námsefni</i>	<i>62</i>
<i>Endurmenntun kennara</i>	<i>62</i>
LOKAORÐ	63
HEIMILDIR	65
VIÐAUKI	66

Töflulisti:

TAFLA 1 DREIFING NEMENDA EFTIR ALDRI OG KYNI.....	9
TAFLA 2 MIKILVÆGI ENSKUKUNNÁTTU - 9.-10. BEKKUR	13
TAFLA 3 MIKILVÆGI ENSKUKUNNÁTTU - 5. BEKKUR.....	14
TAFLA 4 ENSKUKUNNÁTTA 9.-10. BEKKUR.....	15
TAFLA 5 ENSKUKUNNÁTTA 5. BEKKUR.....	16
TAFLA 6 GAGNSEMI ENSKUKUNNÁTTU - 9.-10. BEKKUR	17
TAFLA 7 GAGNSEMI ENSKUKUNNÁTTU - 5. BEKKUR.....	18
TAFLA 8 FÆRNIPÆTTIR - 9.-10. BEKKUR.....	21
TAFLA 9 FÆRNIPÆTTIR - 5. BEKKUR	21
TAFLA 10 NOTKUN ENSKU - 9.-10. BEKKUR.....	27
TAFLA 11 NOTKUN ENSKU 5. BEKKUR	27
TAFLA 12 KENNSLUAÐFERÐIR 9.-10. BEKKUR.....	30
TAFLA 13 KENNSLUAÐFERÐIR 5. BEKKUR	33
TAFLA 14 HEIMAVINNA 9.-10. BEKKUR	35
TAFLA 15 HEIMAVINNA 5. BEKKUR	36
TAFLA 16 ÁHRIF ENSKU Í UMHVERFINU - 9.-10. BEKKUR.....	37
TAFLA 17 ÁHRIF ENSKU Í UMHVERFINU - 5. BEKKUR	37
TAFLA 18 BÚSETA ERLENDIS	41
TAFLA 19 KENNSLUAÐFERÐIR OG ÁHERSLUR KENNARA – 9. - 10. BEKKUR.....	45
TAFLA 20 KENNSLUAÐFERÐIR OG ÁHERSLUR KENNARA – 5. BEKKUR.....	47

Myndalisti:

MYND 1 MIKILVÆGI ENSKUKUNNÁTTU 9.-10. BEKKUR.....	12
MYND 2 MIKILVÆGI ENSKUKUNNÁTTU - 5. BEKKUR.....	13
MYND 3 ENSKUKUNNÁTTA, STRÁKAR - 9.-10. BEKKUR.....	14
MYND 4 ENSKUKUNNÁTTA, STELPUR 9.-10. BEKKUR	15
MYND 5 ENSKUKUNNÁTTA - 5. BEKKUR.....	16
MYND 6 GAGNSEMI ENSKUKUNNÁTTU - 9.-10. BEKKUR	17
MYND 7 GAGNSEMI ENSKUKUNNÁTTU - 5. BEKKUR.....	18
MYND 8 NÁMSGREININ ENSKA - 9.-10. BEKKUR.....	19
MYND 9 NÁMSGREININ ENSKA - 5. BEKKUR	20
MYND 10 FÆRNIPÆTTIR - 9.-10. BEKKUR.....	20
MYND 11 FÆRNIPÆTTIR - 5. BEKKUR	21
MYND 12 NÁMSEFNI 9.-10. BEKKUR.....	22
MYND 13 NÁMSEFNI - 5. BEKKUR.....	23
MYND 14 NOTKUN ENSKU - 9.-10. BEKKUR.....	24
MYND 15 NOTKUN ENSKU 9.-10. BEKKUR	24
MYND 16 NOTKUN ENSKU 9.-10. BEKKUR	25
MYND 17 NOTKUN ENSKU - 5. BEKKUR.....	25
MYND 18 NOTKUN ENSKU - 5. BEKKUR.....	26
MYND 19 NOTKUN ENSKU - 5. BEKKUR.....	26
MYND 20 KENNSLUADFERÐIR 9.-10. BEKK.....	29
MYND 21 KENNSLUADFERÐIR 5. BEKK.....	32
MYND 22 HEIMAVINNA 9.-10. BEKKUR	35
MYND 23 HEIMAVINNA - 5. BEKKUR.....	36
MYND 24 ÁHRIF ENSKU Í UMHVERFINU - 9.-10. BEKKUR.....	39
MYND 25 ÁHRIF ENSKU Í UMHVERFINU - 5. BEKKUR	40
MYND 26 BYRJUN ENSKUKENNSLU.....	48

INNGANGUR

Úttekt á enskukennslu í grunnskólum var ákveðin af menntamálaráðuneytinu og tengist framkvæmd Aðalnámskrár grunnskóla sem tók gildi 1999. Úttektin var kynnt viðkomandi skólastjórum og sveitarstjórnarmönnum bréflega í byrjun september 2005. Markmið úttektarinnar var m.a. að afla upplýsinga um framkvæmd enskukennslu með tilliti til aðalnámsrár grunnskóla, s.s. kennsluhætti, námsefni, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, áherslur og markmiðssetningu. Úttektinni var einnig ætlað að afla upplýsinga um enskukennslu í grunnskólum og stöðu námsgreinarinnar á skólastiginu. Hún náði einnig til kennara og var ætlað að upplýsa um menntun þeirra, viðhorf og bakgrunn. Jafnframt þessu skyldi með úttektinni fást tillögur um hvernig bæta mætti kennslu og árangur í námsgreininni.

Úttektin náði til þriggja árganga í grunnskóla, efstu bekkjanna, 9. og 10. bekk, og 5. bekk, en þá hefst enskukennsla skv. viðmiði námskrár. Í úttektinni voru 8 grunnskólar, flestir af höfuðborgarsvæðinu, og af hagkvæmnisástæðum voru skólar úr dreifbýli tiltölulega nálægt Reykjavík. Má vera að skólar í afskekktari byggðum landsins eða á öðrum landssvæðum gætu gefið aðra mynd af námi og kennslu.

Úttektin snýst fyrst og fremst um enskukennslu en er ekki mat á kennurum, nemendum eða samanburð á skólum. Úttektinni er sniðinn þröngur stakkur, ekki var mögulegt að fylgjast með kennsluferli í langan tíma í hverjum skóla og þess vegna fæst aðeins innsýn í kennsluna og ekki heildarsýn.

Uppbygging skýrslunnar

Í þessari skýrslu um úttekt á enskukennslu eru auk inngangskafla 6 meginkaflar. Í öðrum kafla er fjallað um markmið málanáms. Þriðji kaflinn er lýsing á viðfangsefninu og fjallað um aðferðir sem notaðar voru. Niðurstöður úttektarinnar er að finna í fjórða kafla og skoðað hvaða svör fengust við spurningarlistum, vettvangsathugunum og viðtölum. Í fimmta kafla er umræða um sum atriði í niðurstöðum og í síðasta kafla, þeim sjötta, er komið með ábendingar um enskukennslu út frá því sem fram kemur í niðurstöðum úttektarinnar.

Spurningalistar sem notaðir voru fylgja í viðauka ásamt upplýsingum um námsefni sem kennarar segjast nota sem grunnkennsluefni í enskukennslu.

MARKMIÐ MÁLANÁMS

Tungumálakunnátta er mikilvæg fámennri þjóð, ekki síst nú á tímum hnattvæðingar og örra samskipta um allan heim. Í Aðalnámskrá grunnskóla er m.a. nefnt að kunnátta í erlendum tungumálum sé nauðsynleg í daglegu lífi og nefnd sem ein af forsendum þess að eiga farsæl samskipti við einstaklinga af öðru þjóðerni (Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend tungumál, 1999, bls. 6). Þar kemur einnig fram að mikilvægt sé að tungumálanámið sé hagnýtt og að markmið tungumálanáms sé að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og miðla upplýsingum. Þessi markmið gera kröfu um ákveðna kunnáttu hjá nemendum sem þurfa að hafa talsvert vald á að hlusta, lesa, skrifa og tala á ensku við lok grunnskóla eftir að hafa lært ensku í a.m.k. 6 ár, eða frá því í 5. bekk. Til að tileinka sér þessa færniþætti þarf markvissa og fjölbreytta kennslu sem þjálfar nemendur og gerir kröfu um mismunandi vinnuaðferðir en þarf samtímis að vera einstaklingsmiðuð.

Skólar hafa sína eigin skólanámskrá þar sem tilgreind eru markmið í kennslunni á hverju aldurstigi, hvaða námsefni er notað, nefndar kennsluaðferðir til að ná markmiðunum og gjarnan svolítið um námsmat. Markmiðin í skólanámskrám eru svipuð eða þau sömu og markmið aðalnámskrár. Með skólanámskránum setja skólarnir viðmið og kröfur til að vinna eftir. Markmiðin eru fyrst og fremst færnimarkmið námsgreinarinnar.

Enska er áberandi í umhverfinu, í kvikmyndum og sjónvarpi, í textum á Neti og einnig í tónlist og auglýsingum sem við heyrum og sjáum víða. Slíkt hefur óneitanlega áhrif, getur aukið færni nemenda í ensku og mætti nýta við kennslu.

Tungumálakennsla hefur smám saman færst neðar í skólakerfið og nú er enska fyrsta erlenda tungumálið sem íslenskir grunnskólanemendur læra og hefst námið hjá flestum í 5. bekk. Talið er að ungir nemendur eigi auðvelt með að læra tungumál en hafa verður í huga miða þarf kennsluaðferðir við aldur nemenda (Auður Torfadóttir, 2003). Sumir eru fylgjandi því að byrja strax í upphafi skólagöngu að kenna erlend mál (ensku) og stöku skólar hérlendis gera það. Slíkt krefst enn annarrar nálgunar en þegar byrjað er

að kenna nemendum í 5. bekk þar sem flestir eru læsir eða eiga að vera búnir að ná valdi á lestri á móðurmáli.

ÚTTEKT Á ENSKUKENNSLU

Markmið – hvað er verið að meta?

Enskukennsla er ekki áþreifanlegur hlutur sem hægt er að veita og mæla með þar til gerðum áhöldum. Kennsla og nám eru margir samverkandi þættir sem m.a. tengjast skipulagi, námsefni, áhuga, framsetningu og vinnulagi hvers og eins, bæði nemenda og kennara. Dagsform, utanaðkomandi áhrif og samskipti einstaklinganna geta einnig haft áhrif á nám nemenda. Til að geta skapað sér mynd af enskukennslunni var nauðsynlegt að vera á vettvangi og líta á marga þætti sem tengjast henni.

Í bréfi Menntamálaráðuneytisins til skóla og fræðslufirvalda eru markmið úttektarinnar tilgreind. Þau voru höfð til hliðsjónar og reynt að afla svara við þeim öllum eins og unnt var miðað við aðstæður. Markmið úttektarinnar voru eftirfarandi:

- afla upplýsingar um framkvæmd enskukennslu með tilliti til aðalnámskrár grunnskóla, s.s. kennsluhætti, námsefni, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, áherslur og markmiðssetningu.
- afla upplýsinga um árangur af enskukennslu í grunnskólum.
- afla upplýsinga um kennara í námsgreininni, menntun þeirra, viðhorf og bakgrunn.
- afla upplýsinga um stöðu námsgreinarinnar á skólastiginu og um áhrif ytra umhverfis
- fá fram tillögur um hvernig bæta megi kennslu og árangur í greininni.

Þátttakendur

Skólar, nemendur og kennarar

Viðfangsefni úttektarinnar var enskukennsla í 9. og 10. bekk og einnig byrjendakennsla í 5. bekk. Eftirtaldir skólar voru í úrtakinu: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Foldaskóli í Reykjavík, Heiðarskóli í Leirársveit, Hvassaleitisskóli í Reykjavík, Laugalandsskóli í Holtum, Salaskóli í Kópavogi, Seljaskóli í Reykjavík og Öldutúnsskóli í Hafnarfirði. Fimm skólar eru á höfuðborgarsvæðinu en þrír á Suður- og Vesturlandi. Allir skólarnir eiga það sameiginlegt að vera heildstæðir, þ.e. með nemendur frá 1.-10. bekk. Skólarnir eru misstórir og sumir þeirra nýir í nýjum hverfum en aðrir eru rótgrónir og hafa starfað lengi. Af þeim þremur skólum sem eru utan höfuðborgarsvæðisins eru

tveir skólar á landbúnaðarsvæðum en einn í sjávarþorpi. Skólarnir á höfuðborgarsvæðinu eru í hverfum með nokkuð blandaðri byggð, þ.e. íbúðum í fjölbýli og sérbýli af ýmsum stærðum. Ætla má að nemendur hafi því haft fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar aðbúnað og efnahag.

Í úttektinni voru 788 nemendur alls sem skiptust eftir bekkjum og kynjum, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Tafla 1
Dreifing nemenda eftir aldri og kyni

Árgangar	Fjöldi stráka	Fjöldi stelpna
10. bekkur	148	156
9. bekkur	142	129
5. bekkur	98	115

Bekkjardeildirnar voru misstórar og í fámennum skólum gat verið talsverður munur á nemendafjölda í árgöngum. Í sumum skólum var samkensla í yngstu árgöngunum annaðhvort með 4. bekk eða 6. bekk

Alls fengust svör frá 23 kennurum af 26, sumir þeirra með langan starfsaldur að baki en aðrir að hefja störf. Sumir kennarar voru bekkjarkennarar og kenndu margar aðrar námsgreinar en 8 kennarar hafa ensku sem aðalkennslufagið sitt.

Í flestum skólum eru fjórar kennslustundir í ensku á viku í 9. og 10. bekk. Hjá byrjendum, í 5. bekk eru tvær kennslustundir á viku. Engin regla er á hvernig kennslustundum í ensku er raðað í stundatöflu, sumir skólar hafa tvöfalda tíma, e.t.v. að ósk kennara, en aðrir skólar eru eingöngu með staka tíma. Stundum er viðfangsefnum námsins í efstu bekkjunum raðað niður á vikustundirnar sem þá snúast aðallega um einn færniþátt í einu. Einnig er misjafnt hvernig fyrirkomulag er á kennslustofum. Í nokkrum skólum er enska kennd í sérstofum, sem er þá e.t.v. líka heimastofa viðkomandi kennara og nemendur fara milli stofa eftir námsgreinum eða kennurum í stundatöflu en í öðrum skólum eru stofurnar bekkjarstofur og kennarar þurfa að fara á milli stofa.

Flestir skólarnir notuðu námsefni frá Námsgagnastofnun en kennarar notuðu líka ýmislegt annað efni, nýtt og gamalt, ýmist í staðinn fyrir námsefnið eða til viðbótar við námsefni frá Námsgagnastofnun. Allir skólarnir gera kennsluáætlanir og skólanámskrá og voru sumar þeirra aðgengilegar á Netinu.

Framkvæmd úttektarinnar

Undirbúningur úttektarinnar hófst vorið 2005 en gagnasöfnun og heimsóknir í skóla voru gerðar haustið 2005 og í byrjun árs 2006. Í skólaheimsóknum var setið í enskútímum hjá öllum þremur árgöngunum, 5., 9. og 10. bekk, þar sem því varð við komið og rætt við kennara sem kenna þessum árgöngum. Einnig voru spurningalistar lagðir fyrir kennara og nemendur.

Við úttektina var beitt tvenns konar aðferðum, eigindlegum aðferðum og meginlegum. Með meginlegu aðferðunum var tilgangurinn að fá sem breiðast yfirlit yfir viðhorf nemenda og kennara til enskukennslunnar. Markmið eigindlegu aðferðanna var að skyggjast aðeins dýpra og öðlast betri skilning á enskukennslu og námi við mismundandi aðstæður í ólíkum skólum.

Aðallega var beitt þátttakendamiðaðri nálgun við úttektina enda eru allir úttektaraðilar kennarar í tungumálum, þekkja aðstæður kennara og eiga auðvelt með að setja sig í spor nemenda í kennslustundum.

Tveimur aðferðum eigindlegrar aðferðarfræði var beitt í úttektinni; vettvangsathugunum, sem voru aðallega heimsóknir í kennslustundir, og viðtölum við kennara. Allar vettvangsathuganir voru skráðar en engin þeirra tekin á band, hvorki segulband né myndband. Minnisatriði voru skrifuð á staðnum og strax að lokinni vettvangsheimsókn ásamt athugasemdum og vangaveltum rannsakenda. Vettvangsathuganir voru 25 alls. Hver þeirra var ein kennslustund og voru langflestar þeirra haustið 2005 en nokkrar í byrjun árs 2006.

Viðtöl voru tekin við 20 kennara. Stundum var um einstaklingsviðtöl að ræða en annars var fyrst og fremst rætt við kennara sömu árganga saman þar sem því var við komið. Spurt var um kennslu- og námsmatsaðferðir í enskukennslunni, námsefni, reynslu kennara og viðhorf þeirra til starfsins og starfsaðstöðu.

Spurningalistar

Spurningalistar voru lagðir fyrir þátttakendur, bæði nemendur og kennara. Kennarar eða skólastjórnendur sáu um að leggja spurningalistana fyrir nemendur. Allir nemendur, sem voru í skólanum þegar spurningalistarnir voru lagðir fyrir, svöruðu og var því ekkert brottfall í svörun en fyrir kom að sumum spurningum var ekki svarað.

Unnið var úr spurningum í Excel og niðurstöður settar fram í töflum, súlum eða skífuritum. Upplýsingarnar sem fengust úr spurningalistunum voru eingöngu settar fram á lýsandi hátt en hvorki var leitað eftir marktækni svaranna né áreiðanleika.

Spurningarnar til nemenda beindust fyrst og fremst að viðhorfum þeirra til enskukennslu, hvernig þeir teldu að enskan nýttist þeim og hversu auðvelt þeir ættu með að tileinka sér hina mismunandi færniþætti. Einnig var spurt um hvaða kennsluaðferðir nemendur teldu að reyndist þeim best og hvar þeir teldu að þeir lærðu ensku utan skólans. Spurningar voru hvergi persónugreinanlegar og ekkert var spurt um fjölskyldu- eða heimilishagi nemenda. Nemendum gafst kostur á að bæta við svör með eigin orðum, t.d. að koma með ábendingar um kennsluaðferðir.

Sami spurningalisti var lagður fyrir 9. og 10. bekk. Spurningalisti fyrir 5. bekk var örlítið viðaminni en hjá 9. og 10. bekk enda munur á reynslu þessara nemendahópa, t.d. var spurningum sem fjölluðu um kennsluaðferðir breytt til að hæfa betur kennslu yngri barna.

Í tveimur fjölmönnum skólum voru lagðar opnar spurningar fyrir hluta nemenda í 9. og 10. bekk. Með því fengust upplýsingar hjá nemendum án þess að spurningarnar yrðu leiðandi, eins og fjölvalsspurningar geta stundum verið.

Í spurningalistum kennara voru kennarar spurðir um menntun og kennslureynslu. Þeir voru spurðir um áherslur sínar í kennslu, bæði hvað varðar notkun ensku sem samskiptamáls og kennsluaðferðir. Spurt var um viðhorf þeirra til Aðalnámskrár og markmiða hennar, námsefni, og aðgengi að ítarefni. Einnig var spurt um endurmenntun kennara í ensku og kennslufræði tungumála.

Við undirbúning og gerð spurningalistanna var stuðst við spurningalista frá Auði Torfadóttur (2003) og þrjár skýrslur um úttekt á enskukennslu í Noregi, Danmörku og Evrópu (Hallsgren, 1996; Danmarks evalueringsinstitut 2003 og Bonnet 2004). Allir spurningalistar fylgja í viðauka.

NIÐURSTÖÐUR

Hér verður fjallað um niðurstöður sem fengust í úttektinni, bæði með spurningalistum, sem lagðir voru fyrir nemendur og kennara, vettvangsathugunum og viðtölum. Fjallað verður um svörin í röð sem miðast við fjölda svara. Fyrst verður fjallað um svör við spurninglistum með fjölvalsspurningum sem voru lagðir fyrir nemendur, síðan opnar

spurningar sem hluti nemenda svaraði. Síðan er fjallað um svör kennara við spurningalistum og viðtöl við þá og loks vettvangsathuganir og skólaheimsókir.

Svör nemenda við spurninglistum með fjölvalsspurningum

Mikilvægi enskukunnáttu

Eins og fram hefur komið tóku alls 788 nemendur þátt í könnuninni. Af þeim 697 nemendur sem svöruðu fjölvalsspurningalistum, voru 348 strákar og 349 stelpur. Í 9. bekk voru 122 strákar og 107 stelpur, í 10. bekk 128 strákar og 127 stelpur. Hluti nemendanna (91) í 9. og 10. bekk svaraði spurningalistum með opnum spurningum. Í 5. bekk svöruðu 98 strákar og 115 stelpur fjölvalsspurningalistum.

Nemendur voru spurðir um hversu mikilvægt þeim þætti að kunna ensku. Eins og sjá má af mynd 1 töldu nánast allir það mikilvægt, eða 98%, og af þeim töldu langflestir að það væri *mjög mikilvægt* að kunna ensku.

Mynd 1
Mikilvægi enskukunnáttu 9.-10. bekkur




Tafla 2 sýnir að lítill munur er á afstöðu kynja og bekkjardeilda til þessarar spurningar.

Tafla 2
Mikilvægi enskukunnáttu - 9.-10. bekkur

	Allir	Strákar alls	Stelpur alls	Strákar í 10. bekk	Stelpur í 10. bekk	Strákar í 9. bekk	Stelpur í 9. bekk
Mjög mikilvægt	79%	75%	83%	70%	84%	81%	81%
Frekar mikilvægt	18%	21%	16%	25%	16%	16%	16%
Ekki mjög mikilvægt	2%	3%	1%	5%	0%	1%	3%
Óþarfi	0%	1%	0%	1%	0%	1%	0%
Svara ekki	0%	0%	0%	0%	0%	1%	0%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 2
Mikilvægi enskukunnáttu - 5. bekkur




Nemendur í 5. bekk, sem langflestir eru að byrja að læra ensku, telja einnig mikilvægt að kunna ensku, eins og sjá má á mynd 2. Í töflu 3 má sjá örlítinn mun á afstöðu kynjanna, fleiri strákar en stelpur telja *mjög mikilvægt* að kunna ensku en fleiri stelpur en strákar telja enskukunnáttu *frekar mikilvæga*.

Tafla 3
Mikilvægi enskukunnáttu - 5. bekkur


	Allir	Strákar	Stelpur
Mjög mikilvægt	74%	80%	70%
Frekar mikilvægt	20%	14%	24%
Ekki mjög mikilvægt	4%	2%	5%
Óþarfi	1%	2%	0%
Svara ekki	1%	2%	1%
Alls	100%	100%	100%

Munur er á því hvernig nemendur í 9.-10. bekk meta eigin færni sem sjá má á myndum 3 og 4. Strákar telja enskukunnáttu sína vera góða, eða 74% alls og nokkuð jöfn skipting er milli þess hvort þeir meta kunnáttu sína *mjög góða* eða *frekar góða*. Heldur færri stelpur meta kunnáttu sína *góða*, eða 66%, og af þeim eru aðeins 15% sem telja að enskukunnátta sín sé *mjög góð*. Munur milli árganga var lítill, eins og má sjá í töflu 4. Strákar meta kunnáttu sína hærra en stúlkur.

Mynd 3
Enskukunnátta, strákar - 9.-10. bekkur




Mynd 4 Enskukunnátta, stelpur 9.-10. bekkur



Tafla 4 Enskukunnátta 9.-10. bekkur

	Allir	Strákar alls	Stelpur alls	Strákar 10. bekk	Stelpur 10. bekk	Strákar 9. bekk	Stelpur 9. bekk
Mjög góð	25%	35%	15%	32%	17%	38%	11%
Frekar góð	45%	40%	51%	42%	52%	37%	49%
Sæmileg	21%	18%	25%	20%	20%	16%	32%
Ekki nógu góð	8%	7%	9%	5%	10%	8%	8%
Svara ekki	1%	1%	0%	0%	1%	2%	0%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 5 Enskukunnátta - 5. bekkur



**Tafla 5
Enskukunnátta 5. bekkur**


	Allir	Strákar alls	Stelpur alls
Mjög góð	29%	33%	26%
Frekar góð	35%	35%	36%
Sæmileg	28%	28%	30%
Ekki nógu góð	6%	4%	8%
Svara ekki	1%	1%	1%
Alls	100%	100%	100%

Þótt nemendur í 5. bekk séu byrjendur í enskunámi, telja þeir kunnáttu sína góða, og fleiri strákar en stelpur telja kunnáttuna *mjög góða*, eins og sjá má á mynd 5.

Nemendur voru spurðir um hvernig þeim fyndist enskukunnáttan geta gagnast þeim og nokkurn kynjamun var hægt að sjá í svörum (mynd 6). Langflestir töldu kunnáttuna gagnast sér til að *tala ensku í útlöndum*, eða 95%. Nokkuð færri (90%) telja enskuna nýtast sér til að *skilja bíómyndir og sjónvarpsþætti*. Mikill meirihluti (84%)

nemenda telur telur að enskukunnáttan muni gagnast þeim fyrir *nám og starf í framtíðinni*. Heldur fleiri stelpur nýta enskukunnáttuna *til að lesa bækur og blöð*. Hins vegar eru fleiri strákar sem telja enskukunnáttuna nýtast sér við að *nota Internetið* og áberandi fleiri strákar en stelpur telja enskuna gagnlega við að *spila tölvuleiki*. Þetta má sjá í töflu 6.

Mynd 6
Gagnsemi enskukunnáttu - 9.-10. bekkur




Tafla 6
Gagnsemi enskukunnáttu - 9.-10. bekkur

	Allir	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
		alls	alls	10. bekk	10. bekk	9. bekk	9. bekk
Tala ensku í útlöndum	95%	94%	97%	92%	97%	96%	96%
Skilja sönglagatexta	64%	64%	64%	66%	67%	61%	60%
Lesna bækur/blöð	82%	76%	87%	73%	88%	80%	86%
Skilja bíómyndir/sjónvarpsþætti	90%	90%	89%	88%	91%	93%	87%
Tala við erlenda ferðamenn á Íslandi	64%	61%	68%	59%	68%	62%	67%
Gagnlegt fyrir nám/starf í framtíð	84%	80%	88%	79%	88%	82%	88%
Nota Internet	77%	81%	73%	81%	77%	81%	68%
Spila tölvuleiki	55%	76%	32%	72%	34%	80%	29%

Þegar nemendur í 5. bekk svara sömu spurningu verða svörin eins og sjá má á mynd 7, og hvernig svörin skiptast millu kynja kemur fram í töflu 7.

Mynd 7 Gagnsemi enskukunnáttu - 5. bekkur



Tafla 7 Gagnsemi enskukunnáttu - 5. bekkur

	Allir	Strákar alls	Stelpur alls
Tala ensku í útlöndum	90%	89%	90%
Skilja sönglagatexta	39%	45%	34%
Lesna bækur/blöð	69%	69%	70%
Skilja bíómyndir/sjónvarpsþætti	70%	80%	63%
Tala við erlenda ferðamenn á Íslandi	68%	70%	66%
Gagnlegt fyrir nám/starf í framtíð	68%	60%	76%
Nota Internet	45%	60%	33%
Spila tölvuleiki	40%	61%	23%


Af svörum nemenda í 5. bekk kemur fram að flestir telja gagnlegt að geta *talað ensku í útlöndum*. Flestum finnst enskan koma sér að gagni til að *skilja bíómyndir og sjónvarpsþætti*, heldur fleiri strákum en stelpum. Einnig er áberandi hversu miklu fleiri strákar en stelpur telja að enskukunnáttan gagnist sér við að *nota Internetið* og að *spila tölvuleiki*.

Nemendur áttu þess kost að bæta við atriðum þar sem þeir töldu að enskukunnáttan kæmi þeim að gagni. Sem dæmi má nefna að nokkrir nefndu að enskukunnátta þeirra gagnaðist til að tala við íþróttáþjálfara. Einn nemandi úr 9. bekk hafði aðra sýn á gagnsemi enskukunnáttunnar: Hann skrifaði: „Þegar ég vil vera svalur þá tala ég ensku.“


Enska sem námsgrein

Nemendur voru spurðir um viðhorf sitt til ensku sem námsgreinar og eins og sjá má á mynd 8 og 9 finnst langflestum þeirra enska vera skemmtileg í öllum árgöngunum, 5., 9. og 10. bekk. Í 9. og 10. bekk er fjórðungur sem telur námsgreinina vera *mjög skemmtilega* en mun fleiri merkja við að enska sé *frekar skemmtileg* námsgrein. Í 5. bekk er tæplega þriðjungur sem telur ensku *frekar skemmtilega* námsgrein en tæplega 70% hallast að því að enska sé *mjög skemmtileg*. Í augum sumra nemenda er enska e.t.v. meira en mjög skemmtileg. „Enska er *ógisslea* skemmtileg“, sagði ein lítil hnáta í 5. bekk á nútíma íslensku þegar bekkurinn hennar fékk úttektaraðila í heimsókn.

Mynd 8
Námsgreinin enska - 9.-10. bekkur




Mynd 9 Námsgreinin enska - 5. bekkur




Nemendur voru beðnir að meta hversu auðvelt þeim finnst að tileinka sér hina ýmsu færniþætti í ensku og virðist af svörum þeirra að þeim þyki *mjög auðvelt* eða *auðvelt* að fást við hlustun, lestur og tal, en margir telja *frekar erfitt* að skrifa ensku, eins og sjá má af mynd 10 og tafla 8.

Mynd 10 Færniþættir - 9.-10. bekkur



Nemendur í 5. bekk voru einnig spurðir þessarar spurningar. Svör þeirra koma fram á mynd 11 og þar má greina að þessum nemendahópi finnst auðvelt að læra ensku, en ritun og lestur sýnu erfiðari hjá þeim.

Mynd 11
Færniþættir - 5. bekkur



Tafla 8
Færniþættir - 9.-10. bekkur

	Hlusta	Tala	Lesa	Skrifa
Mjög auðvelt	37%	31%	39%	21%
Auðvelt	49%	51%	47%	45%
Frekar erfitt	11%	16%	12%	29%
Erfitt	2%	2%	1%	5%

Tafla 9
Færniþættir - 5. bekkur

	Hlusta	Tala	Lesa	Skrifa
Mjög auðvelt	35%	27%	16%	16%
Auðvelt	44%	48%	40%	44%
Frekar erfitt	20%	19%	33%	30%
Erfitt	2%	7%	11%	10%


Nemendum í 5. bekk, sem e.t.v. hafa ekki náð tökum á lestri á móðurmálinu, finnst erfitt að læra að lesa ensku en nemendur í 9. og 10. bekk nefna það sjaldnar.

Námsefni

Flestir úttektarskólarnir nota námsefni sem er úthlutað af Námsgagnastofnun, *Network* í 9. og 10. bekk, og *Portfolio* námsefni í 5. bekk. Til viðbótar nota kennarar ýmiss konar léttlestrarbækur og texta, sem og annað ítarefni, meðal annars frá Námsgagnastofnun. (Sjá nánar í viðauka.)


Nemendur eru ekki eins jákvæðir til námsefnisins í ensku eins og þeir eru til námsgreinarinnar almennt. Aðeins 5% nemenda í 9. og 10. bekk telur námsefnið í ensku *mjög skemmtilegt* og 41% telja það *frekar skemmtilegt*. Rúmlega helmingur (53%) telur námsefnið *ekki skemmtilegt* og þar af eru 13% sem telja það *leiðinlegt* (mynd 12).

Mynd 12
Námsefni 9.-10. bekkur



Á mynd 13 má sjá að nemendur í 5. bekk hafa önnur viðhorf til námsefnisins en eldri nemendur.

Mynd 13 Námsefni - 5. bekkur




Hér ríkir almenn ánægja með námsefnið. Langflestir, eða tæp 90%, eru ánægðir með námsefnið og telja það annaðhvort *mjög skemmtilegt* eða *frekar skemmtilegt*.

Notkun ensku í kennslustundum


Nemendur voru spurðir um notkun ensku í kennslustundum, hvort og hversu mikið kennarinn talar ensku, hvort nemendur svari kennaranum á ensku og hvort nemendur tali saman á ensku í kennslustundum.

Af svörum nemenda í 9. og 10. bekk má ráða að kennarinn er sá sem talar *alltaf* eða *oftast* ensku (44%) í kennslustunum, nemendur svara *stundum* (40%) eða *sjaldan* (39%) á ensku en tala *sjaldan* (75%) ensku sín á milli, eins og myndir 14, 15 og 16 gefa vísbendingu um.


Mynd 14 Notkun ensku - 9.-10. bekkur



Mynd 15 Notkun ensku 9.-10. bekkur




Mynd 16 Notkun ensku 9.-10. bekkur




Nemendur í 5. bekk svöruðu einnig þessum spurningum og svör þeirra má sjá á 17, 18 og 19.


Mynd 17 Notkun ensku - 5. bekkur



Mynd 18 Notkun ensku - 5. bekkur



Mynd 19 Notkun ensku - 5. bekkur



Tafla 10
Notkun ensku - 9.-10. bekkur

	Kennarinn talar	Svara nemendur á ensku	Tala nemendur saman á ensku
Alltaf	10%	2%	1%
Oft	34%	19%	4%
Stundum	32%	40%	20%
Sjaldan	24%	39%	75%
Svara ekki	0%	0%	0%

Tafla 11
Notkun ensku 5. bekkur

	Kennarinn talar	Svara nemendur á ensku	Tala nemendur saman á ensku
Alltaf	41%	17%	8%
Oft	34%	29%	24%
Stundum	18%	42%	37%
Sjaldan	5%	11%	30%
Svara ekki	1%	1%	1%

Samkvæmt þessu má ráða að ekki er algilt að kennarar noti ensku í kennslustundum eða að nemendur svari kennaranum eða tali saman á ensku. Af svörum 5. bekkjar má þó ætla að enskan sé meira notuð af bæði kennurum og nemendum í þessum árgangi en í 9. og 10. bekk (töflur 10 og 11).


Hvaða mat nemendur setja á orðin *oft*, *stundum* og *sjaldan* er heldur ekki alveg ljóst. Hugsanlegt er að nemendur telji að kennarinn tali *alltaf* ensku eða *stundum* ef hann notar einhverja ensku í hverri kennslustund. Þótt nemendur segi að kennari tali *alltaf* ensku í hverri kennslustund segir það t.d. lítið um hversu **mikla** ensku kennarinn talar.

Kennsluaðferðir

Í spurningu 12 var fjallað um kennsluaðferðir og þar voru nefndar flestar þær kennsluaðferðir sem eru notaðar í tungumálakennslu, bæði hefðbundnar og einnig ýmislegt sem stundum er notað til tilbreytingar í kennslu eða til að skapa fjölbreytni. Markmiðið með spurningunni var að reyna að fá nemendur til að taka afstöðu til þeirra aðferða sem þeir teldu vera árangursríkar til að læra ensku.

Svör nemenda í 9. og 10. bekk má sjá á mynd 20 og töflu 12. Nemendur í 5. bekk svöruðu sömu spurningu með svolitlum breytingum og svör þeirra eru á mynd 21 og í töflu 13.

Mynd 20 Kennsluaðferðir 9.-10. bekk



Tafla 12
Kennsluaðferðir 9.-10. bekkur


	Mjög mikið	Mikið	Ekki mikið	Á ekki við/ sjaldan gert	Svara ekki
Leikir og spil	13%	25%	29%	31%	2%
Talæfingar á ensku	19%	49%	19%	10%	3%
Tónlist og lagatextar	26%	37%	22%	12%	3%
Að hlusta á ensku (t.d. á segulbandi)	26%	45%	23%	3%	2%
Lesna upphátt	21%	39%	29%	9%	2%
Hlutverkaleikir	10%	19%	30%	40%	2%
Frásagnir/kynningar nemenda	7%	24%	34%	32%	3%
Hópvinna	15%	35%	28%	19%	3%
Vinnubókarvinna	32%	46%	17%	3%	2%
Umræður á ensku	24%	37%	23%	14%	3%
Paravinna	18%	34%	28%	19%	2%
Þemavinna	15%	28%	27%	27%	3%
Verkefni á tölvu eða interneti	24%	31%	19%	24%	2%
Lesna bækur og blöð á ensku	39%	37%	17%	6%	2%
Horfa á myndbönd með ensku tali	42%	31%	17%	9%	1%
Skrifa ritgerðir, frásagnir eða sögur	29%	39%	20%	11%	2%
Skrifa stíla (þýða á íslensku yfir á ensku)	40%	38%	15%	4%	2%
Gera málfræðiæfingar	32%	41%	19%	4%	3%
Skrifa glósur, t.d. í glósubók	34%	39%	19%	5%	2%
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum	31%	40%	23%	5%	1%
Þýða af ensku yfir á íslensku	40%	42%	15%	2%	1%

Svör nemenda í 9.-10. bekk dreifast á kennsluáðferðirnar eins og fram kemur í mynd 20 og töflu 12. Af svörunum má sjá að nemendur telja fimm kennsluáðferðir árangursríkastar en yfir 70% nemenda finnst þeir læra *mjög mikið* og *mikið* þegar þessar áðferðir eru notaðar. Þýðingar af ensku yfir á íslensku telja 82% nemenda að gagnist sér *mjög mikið* og *mikið*. Stílar (þýðing af íslensku á ensku) og vinnubókarvinna kemur næst með 78%. Lestur bóka og blaða telja 76% nemenda að sé gagnlegt og 73% nemenda segja að sér finnist þeir læri *mjög mikið* og *mikið* þegar þeir gera málfræðiæfingar, skrifi glósur og horfi á myndbönd með ensku tali. Síðastnefnda áðferðin er sú sem flestir nemendur, eða 42%, telja að þeir læri *mjög mikið* af. Aðrar kennsluáðferðir, sem 71% nemenda telja að þeir læri *mjög mikið* og *mikið* af, er að hlusta á ensku og fara yfir heimavinnu í kennslustundum.

Rétt tæplega helmingur nemenda (49%) telja að þeir læri *mikið* af talæfingum á ensku en aðeins 19% telja sig læra *mjög mikið* af þeirri kennsluáðferð, eða 68% alls.

Áðferðir sem nemendum finnst þeir læri *ekki mikið* af eru frásagnir / kynningar nemenda (34%) og hlutverkaleikir (30%). Af svörunum má einnig sjá að þessar áðferðir eiga ekki við eða eru sjaldan notaðar. Þegar eftirfarandi kennsluáðferðir eru notaðar, leikir og spil, paravinna og þemavinna, finnst u.þ.b. þriðjungur nemenda að þeir læri *ekki mikið* og þessar áðferðir virðast heldur ekki eiga við eða eru sjaldan notaðar skv. svörum nemenda.

Mynd 21 Kennsluaðferðir 5. bekk



Tafla 13
Kennsluaðferðir 5. bekkur

	Mjög mikið	Mikið	Ekki mikið	Á ekki við/sjaldan gert	Svara ekki
Leikir og spil	15%	27%	37%	17%	4%
Samtalsæfingar nemenda	21%	39%	27%	6%	7%
Tónlist og lagatextar	28%	30%	24%	15%	3%
Að hlusta á ensku (t.d. á segulbandi)	40%	34%	15%	8%	3%
Lesið upphátt	16%	25%	37%	15%	6%
Nemendur segja frá	12%	27%	31%	25%	5%
Leika atriði (leikrit)	7%	11%	15%	60%	8%
Hópvinna	24%	42%	20%	10%	4%
Vinnubókarvinna	51%	30%	10%	5%	4%
Æfingar í tölvu	12%	20%	16%	47%	5%
Lesið bækur á ensku	28%	24%	24%	19%	5%
Horfa á myndbönd með ensku tali	29%	19%	20%	27%	5%
Skrifa frjálst, t.d. frásagnir eða sögur	9%	17%	29%	40%	6%
Skrifa stíla (þýða á íslensku yfir á ensku)	22%	31%	23%	19%	6%
Gera málfræðiæfingar	14%	24%	25%	31%	6%
Skrifa glósur, t.d. í glósubók	18%	32%	17%	28%	5%
Þýða af ensku yfir á íslensku	38%	33%	15%	10%	5%

Þrjár kennsluaðferðir eru áberandi í svörum nemenda í 5. bekk. Rúmlega helmingur nemenda (51%) telur sig læra *mjög mikið* af vinnubókarvinnu og 30% telja sig læra *mikið* með þessari kennsluaðferð eða 81% alls. Þeir sem telja sig læra *mjög mikið* af því að hlusta á ensku eru 40% og 34% segjast læra *mikið* af því eða 74% alls. Þriðja vinsælasta aðferðin er að þýða af ensku yfir á íslensku en 38% nemenda telja sig læra *mjög mikið* og 33% læra *mikið* með þessari aðferð eða 71% alls.

Af svörum nemenda í 5. bekk kemur fram að tæplega 40% nemenda segjast *ekki læra mikið* af því að lesa upphátt eða af leikjum og spilum. Nær 25% nemenda segist *ekki læra mikið* af tónlist og lagatextum þrátt fyrir að mikil áhersla sé lögð á að syngja og hlusta á enska söngtexta í *Portfolio* námsefninu.


Í framhaldi af spurningu 12 var opin spurning (nr. 13) fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar þar sem þeir gátu sett fram með eigin orðum það sem þeir vildu hafa öðruvísi í enskukennslunni. Aðeins huti nemenda svaraði þessari spurningu og í svörum þeirra kom fram að fjölmargir nemendur vildu horfa á fleiri kvikmyndir og myndbönd en þeir voru líka gagnrýnir á námsefnið. Margir vilja *erfiðari enskubækur*, sumum þeirra finnast *ensku vinnubækurnar ekki nógu góðar* og vilja *ekki gera það sama aftur og aftur í vinnubók*. Hvað vilja nemendur þá? Jú, þeir eru tilbúnir til að takast á við verkefni. Einn nemandinn vill gjarnan lesa; *Ég vildi lesa skemmtilegar skáldsögur í tímum og gera verkefni út frá þeim*, en annar nemandinn var hallur undir nákvæmni og fannst *að það ætti að fara vel í öll atriði*. Mjög margir sem svöruðu þessari spurningu nefndu mikilvægi þess að fá tækifæri til að tala ensku. *Það ætti að tala meira ensku í tímanum*“ sagði einn, og *talæfingar* og *þjálfar samræður* voru nefndar hjá mörgum án þess að fara nánar út í hvernig þær ættu að vera. Sumir nefna nauðsyn þess að *tala meira ensku* og *leyfa okkur að spjalla*, svo það fari ekki milli mála að með því eigi nemendur að þjálfar sig og auka tjáskiptafærni sína. Af sumum svörum mátti ráða hvaða tungumál átti að ráða ríkjum í enskutímum, það á *að tala ensku sem aðalmál*. Hjá mjög mörgum kom fram að kennslan ætti að vera *fjölbreytt*“ og „*skemmtileg*, það voru eins konar lausnarorð. Einn nemandi lagði út frá því:

FJÖLBREYTNII!!!! Ekki alltaf þessar bækur! Það gerir námið bara leiðinlegt og það á við öll fög. Kannski þess vegna eru krakkar svona óróleg í tíma og óþæg því námið er með engri fjölbreytni alltaf þessar bækur. Það er hægt að læra svo mikið án þess að nota bækur. Bara ef kennarar vildu leggja smá á sig til að gera námið skemmtilegra. Því hver segir að skólinn eigi að vera leiðinlegur?

Heimavinna

Hversu miklum tíma nemendur telja sig eyða í heimavinnu í ensku í viku kemur fram á mynd 22 og nánari skipting milli kynja og árganga má sjá í töflu 14.

Mynd 22 Heimavinna 9.-10. bekkur



**Tafla 14
Heimavinna 9.-10. bekkur**


	Allir	Strákar alls	Stelpur alls	Strákar 10.bekk	Stelpur 10. bekk	Strákar 9. bekk	Stelpur 9. bekk
Minna en eina klukkustund á viku	43%	48%	38%	47%	38%	48%	40%
1-2 klukkustundir á viku	42%	37%	47%	38%	47%	35%	47%
3-4 klukkustundir á viku	9%	9%	9%	9%	11%	8%	7%
Meira en 4 klukkustundir á viku	2%	2%	1%	3%	2%	2%	1%
Svara ekki	4%	4%	4%	2%	3%	7%	6%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tæplega helmingur nemenda (43%) segist nota *minna en eina klukkustund á viku* í heimanám. Álíka margir segjast læra heima í *1-2 klukkustundir á viku*. Stelpur segjast eyða meiri tíma í heimavinnu en strákar.

Nemendur í 5. bekk svöruðu einnig þessari spurningu þótt í raun sé sáralítill heimavinna hjá þessum aldurshópi ef marka má kennara. Þeir telja sig nota tíma í

heimavinnu eins og sjá má á mynd 23 og töflu 15. Í einni skólaheimsókninni mátti sjá áhugasama nemendur í 5. bekk þyrpast um kennara sinn í lok kennslustundar til að fá nákvæm fyrirmæli um hvað þeir mættu gera mikið heima af verkefnum.

Mynd 23
Heimavinna - 5. bekkur



Tafla 15
Heimavinna 5. bekkur

	Allir	Stelpur	Strákar
Minna en 1 klst	59%	63%	53%
1-2 klst	23%	23%	23%
2-3 klst	5%	4%	5%
Meira en 4 klst	3%	0%	6%
Svara ekki	10%	9%	12%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Enska í umhverfinu

Nemendur voru spurðir um hvar þeir teldu að þeir lærðu ensku annars staðar en í skólanum. Enska er áberandi í umhverfinu, bæði í tónlist, sjónvarpi og kvikmyndum,

einnig í rituðu máli, bókum, tímaritum, auglýsingum og öðrum textum. Svarhlutföll nemenda í 9. og 10. bekk og í 5. bekk má sjá í töflu 16 og 17.

Tafla 16
Áhrif ensku í umhverfinu - 9.-10. bekkur

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Svara ekki
Lesna bækur á ensku	12%	30%	35%	21%	3%
Horfa á sjónvarpsþætti eða bíómyndir	86%	9%	2%	0%	3%
Tala ensku við útlendinga	22%	37%	32%	6%	3%
Nota ensku á ferðalögum	48%	30%	13%	6%	2%
Nota ensku á Internetinu	57%	27%	11%	3%	3%
Leika sér í tölvuleikjum	41%	26%	18%	12%	2%
Hlusta á tónlist með enskum textum	88%	7%	1%	1%	2%
Lesna eða skoða tímarit á ensku	33%	35%	23%	7%	3%

Tafla 17
Áhrif ensku í umhverfinu - 5. bekkur


	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Lesna bækur á ensku	12%	21%	43%	25%
Horfa á sjónvarpsþætti eða bíómyndir	73%	19%	7%	1%
Tala ensku við útlendinga	19%	24%	32%	25%
Nota ensku á ferðalögum	23%	27%	23%	27%
Nota ensku á Internetinu	27%	30%	25%	19%
Leika sér í tölvuleikjum	49%	31%	13%	7%
Hlusta á tónlist með enskum textum	63%	21%	10%	6%
Lesna eða skoða tímarit á ensku	17%	26%	34%	23%

Langflestir nemendur í 5. bekk segjast læra ensku af því að *horfa á sjónvarpsþætti eða bíómyndir* og *hlusta á tónlist með enskum textum*. Eldri nemendur nota ensku meira utan skólastofunnar en þeir sem yngri eru. Á því er ein undantekning, þ.e. nemendur í 5.


bekk segjast leika sér oftast *í tölvuleikjum á ensku* en nemendur í 9. og 10. bekk. Rúmlega 50% nemenda í 9. og 10. bekk segjast *sjaldan* eða *aldrei lesa bækur á ensku*.

Nokkur kynjamunur kom fram í svörum nemenda við því hvar þeir læra ensku annars staðar en í skólanum, eins og sjá má á myndum 24 og 25. Áberandi fleiri strákar en stelpur segjast læra ensku af því að *leika sér í tölvuleikjum* og *nota Internetið*. Aðeins 15% stelpna í 9. og 10. bekk segjast oft *leika sér í tölvuleikjum* og 24% þeirra segjast aldrei vera *í tölvuleikjum á ensku*. Þriðjungur stelpna í 5. bekk segjast þó oft *leika sér í tölvuleikjum á ensku*. Í öllum aldurshópum hlusta stelpur meira á *tónlist* með enskum textum heldur en strákar. Stelpur í 9. og 10. bekk segjast oftast *lesa eða skoða tímarit á ensku* en strákar, 45% á móti 24%.

Mynd 24
Áhrif ensku í umhverfinu - 9.-10. bekkur



Mynd 25 Áhrif ensku í umhverfinu - 5. bekkur



Máttur kvikmynda, sjónvarps og tónlistar er talsverður að mati nemenda í öllum aldurshópum. Einn nemandinn þakkar kvikmyndum kunnáttu sína og segist kunna *flest orðin af því það kemur mest af flókum orðum í sjónvarpinu. I am smart thanks to modern day TV.*

Hluti nemenda hefur búið í enskumælandi landi og tæplega helmingur nemenda segist eiga enskumælandi vini eða skyldmenni sbr. töflu 18. Slíkt hefur að sjálfsögðu áhrif á enskukunnáttu.

Tafla 18
Búseta erlendis

	9.- 10. bekkur			5. bekkur		
	Já	Nei	Svara ekki	Já	Nei	Svara ekki
Hafa átt heima í enskumælandi landi	6%	91%	3%	8%	90%	2%
Eiga enskumælandi vini eða skyldmenni	47%	50%	3%	43%	54%	3%

Opnar spurningar um viðhorf nemenda til enskukennslu

Í tveimur skólum fékk 91 nemandi í 9. og 10. bekk opna spurningalista í stað hinna. Þar voru nemendur spurðir um hvernig þeir teldu sig læra ensku best, hvaða kennsluaðferðir þeim fyndist gagnast þeim mest og einnig hvaða kennsluaðferðir ættu síst við þá. Nemendur voru spurðir um álit sitt á námsefninu og að lokum var þeim gefinn kostur á að tjá sig um hvað þeir vildu hafa öðruvísi í enskukennslunni.

Með því að leggja opnar spurningar fyrir suma nemendur var ætlunin að fá upplýsingar um kennsluaðferðir sem nemendum þættu gagnlegar án þess að spurningarnar stýrðu svörum þeirra um of. Auk spurninga um bekk og kyn voru fjórar opnar spurningar og eru niðurstöður þeirra eins og hér kemur fram. Ekki er greint milli kynja í þessum niðurstöðum.

Nemendur voru spurðir hvernig þeir læra ensku best og hvaða kennsluaðferðir þeim finnst virka best í enskutímum. Svörin við þessar spurningar voru í svipuðum dúr.

Í svörum nemenda kom fram að þeir höfðu mikla trú á ágæti sjónvarps og kvikmynda í kennslu en áberandi flestir, eða u.þ.b. helmingur þeirra sem svöruðu, tóku fram að kvikmyndir og sjónvarpsefni væru árangursrík. Má vera að hér sé einnig ósk um tilbreytingu eða verið að lýsa ánægju með kvikmyndir sem eru sýndar.

Álíka margir nemendur höfðu trú á lestri bóka og texta, ekki síst þegar nemendur hlustuðu einnig á textann samtímis. Einnig komu ábendingar um bækur sem nemendur töldu betri en þær sem boðið er upp á. Hér voru svörin ekki eins samhljóða, sumir vildu lesa fleiri bækur en aðrir lögðu áherslu á að hlusta á upplestur á bókum eða sögum.

Margir nemendur nefndu vinnufrið sem mikilvægan þátt í enskunáminu. Af svörunum mátti ráða að þeim hugnaðist agi, reglufesta og góð kennsla. Einn nemandinn vildi vinna *í hljóðlátu umhverfi þar sem er talað skýrt*, annar kaus *daudþögn* en enn annar lét sér nægja að segjast læra ensku best þegar er *ró í tíma og kennari hefur völd á bekknum*. Sumir nemendur nefndu einmitt hlutverk kennarans og mikilvægi hans til þess að nemendur læri sem best og þeir nefna að góðar útskýringar og hæfilega hröð yfirferð sé nauðsynlegt til að ná árangri. Til þess þarf greinilega *góðan og menntaðan kennara sem veit nákvæmlega hvað allir eiga að gera og er með allt á hreinu*.

Sumir nemendur nefna hefðbundnar kennsluaðferðir eins og að glósa, þýða og skrifa stíla, málfræðiæfingar, vinnubókarvinnu og yfirferð yfir heimavinnu sem mikilvægan þátt í að þeir læri ensku sem best. Nokkrir eru nýjungagjarnir og hafa trú á tölvum og Netinu til að læra ensku og stöku nemendur nefna að atriði sem gera kröfur til þeirra þyki þeim vænleg til árangurs, eins og til dæmis *þegar enska er töluð og ætlast er til að maður svari*. Að mati þessara nemenda á að gera kröfu um að nemendur tali ensku og svari alltaf á ensku, og sem gagnlegt verkefni er nefnt að láta nemendur gera stuttmynd sem þau tala inná á ensku.

Hlustun er nefnd sem kennsluaðferð sem virkar vel en nemendur láta þess jafnframt getið að efnið sem hlustað er á þurfi að vera skemmtilegt því *ef það væri skemmtilegt myndum við hafa miklu meiri áhuga á að gera hlutina*.

Í svörum margra nemenda koma fram ábendingar um gagnleg atriði í kennslu, ef til vill vegna þess að þetta eru aðferðir sem þeim eru tamar eins og að *skýra hlutina á einfaldan hátt áður en maður fer að gera verkefnið* eða *kennarinn útskýrir og svo eigum við að vinna verkefnið sjálfstætt* eða *„þegar reglan er útskýrð og svo vinnum við verkefni sem fjallar um regluna og [ég] kann hana þar af leiðandi*.

Nemendur voru einnig spurðir um kennsluaðferðir sem höfðu minnst til þeirra. Við þessari spurningu fengust færri svör en við öðrum spurningum en sumir höfðu sterkar skoðanir á því sem mætti missa sín. Tveir nemendur nefndu upplestur nemenda á texta eða svörum sem þau skrifa sem árangurslitla kennsluaðferð, *maður getur lesið fyrir sjálfan sig. Það virkar ekki að láta nemendur lesa upphátt fyrir aðra*. Nokkrir nemendur nefna hlustun sem óhentuga kennsluaðferð þótt fjölmargir nemendur telji að hlustun sé afar gagnleg. Hefðbundnar aðferðir, t.d. stílar, ritgerðir og eyðufyllingar í málfræði, eiga ekki upp á pallborðið hjá sumum nemendum, sumir segjast *ekki fá neina hjálp með stílinn og svo þegar farið er yfir er mjög mikið af villum*. Óskir um að taka tillit til námsgetu og þarfa hvers og eins nemanda eru þeim ofarlega í huga. Þeir nemendur sem telja sig vel stadda í enskunáminu sjá ekki tilgang í *glósum sem við kunnum fyrir* og að vinna *einhver verkefni á blöðum sem að ég kann*.

Nemendur voru spurðir um álit þeirra á námsefninu sem notað er í enskukennslunni. Langflestir nemendur voru jákvæðir í garð námsefnisins. Sumir töldu að ýmsu væri ábótavant í annars góðu námsefni og nefndu sem dæmi að í námsefninu væri *of mikið af því sama* og það mætti vera *fjölbreyttara*. Sumir nemendur gagnrýna magnið af ljósrituðu efni. *Mér finnst ekki nægilegt magn af námsbókum, við fáum bara ljósritað efni og hefti*. Nemendur kvarta yfir námsefni sem er ekki nægilega miðað við getu þeirra, og nefna námsbók sem er *hryllilega erfið og ég gafst upp á henni og ég missti mikið sjálfstraust á því og taldi mig vera lélega í enskunni*. Meirihluti nemenda sagði þó að námsefnið væri oftast of létt.

Að lokum var nemendum gefið tækifæri til að koma með hugmyndir að breytingum í enskukennslunni. Svör nemenda sýndu jákvæð viðhorf til enskukennslunnar en nokkrar tillögur til að bæta kennsluna voru nefndar. Nemendur skrifuðu að það mætti fjölga hópverkefnum og kvikmyndum í kennslunni. Önnur atriði sem nemendur telja vænleg til árangurs er að *tala meira saman um daglegt líf, tjá sig á ensku*. Sumir vilja *meiri stuðning* og betri vinnuaðstæður til að geta einbeitt sér, því *bekkurinn talar endalaust*. Nýbreytni í kennsluháttum, eins og að láta nemendur *gera stuttmynd* eða *hópverkefni, plaköt eitthvað svona sem brýtur venjuleg bókverkefni aðeins upp*, er nefnt sem dæmi um það sem nemendur vildu hafa öðruvísi. Einnig lögðu nemendur áherslu á að hafa enskukennsluna skemmtilega, að *það sé reynt að hafa hana sem skemmtilegasta en maður geti samt lært mikið*.

Svör kennara við spurningalistum og viðtöl

Kennarar sem kenndu í 9. og 10. bekk voru 12 alls, 11 þeirra svöruðu spurningalistum og ræddu við úttektaraðila. Tveir kennaranna voru að kenna ensku í fyrsta sinn og allir kennararnir kenndu einnig aðrar námsgreinar en ensku. Meðalstarfsaldur þeirra í kennslu var u.þ.b. 18 ár en þeir höfðu kennt ensku í u.þ.b. 11 ár að meðaltali. Í úttektarhópnum voru kennarar sem voru að hefja starfsferil sinn og einnig kennarar sem voru jafnvel farnir að huga að því að hætta kennslu vegna aldurs eða þreytu. Allir kennararnir í 9. og 10. bekk hafa kennaramenntun. Flestir hafa hlotið menntun sína í Kennaraskólanum eða Kennaraháskólanum og af þeim eru tveir með ensku sem valgrein. Þrír kennaranna hafa B.A.-próf frá Háskóla Íslands og tveir þeirra með ensku sem aðalfag. Flestir kennaranna hafa dvalist í enskumælandi landi í einhvern tíma en rúmlega helmingur þeirra hefur ekki fengið neina endurmenntun á sviði enskukennslu. Þrír kennaranna segjast taka þátt í starfi Félags enskukennara.

Meirihluti kennara hafði ensku sem aðalkennslugrein en hjá tæplega fjórðungi kennara voru aðrar námsgreinar en enska aðalnámsgreinar og aðspurðir voru aðeins fáeinir sem töldu sig fyrst og fremst vera enskukennara. Aðrir litu frekar á sig sem almenna kennara eða umsjónarkennara. Margir þeirra vildu fá tækifæri til að öðlast meiri þekkingu á aðferðum í tungumálakennslu og þjálfun í að beita þeim vinnubrögðum sem námsefnið krefst ef möguleikar væru fyrir hendi til þess.

Tæplega helmingi kennara fannst námsefnið *sæmilegt*, hinum líkað *vel* við það en meira en helmingur kennara taldi að nemendum líkaði *sæmilega* eða *ekki nógu vel* við námsefnið þótt áhugi nemenda á enskunáminu væri samt *frekar* eða *mjög mikill* samkvæmt svörum kennara. Flestir kennarar nota ítarefni og tæplega helmingur þeirra taldi að *mjög mikið* ítarefni fyrir enskukennslu væri til í skólanum. Álíka margir kennarar sögðust *oft* búa til námsefni sem þeir nota.

Nokkrir kennarar tjáðu sig um hvað þeim fyndist vanta í námsefnið. Svörin bentu til að námsefnið *mætti vera fjölbreyttara og skipulegra* og það þyrfti *meira lesefni og fjölbreytta texta*.

Tæplega helmingur kennara segist *aðallega* nota ensku sem samskiptamál í kennslunni, aðrir nota *ensku og íslensku til skiptis* eða *aðallega íslensku*.

Kennarar voru spurðir um hvað þeim þætti mikilvægt að leggja áherslu á í enskukennslunni. Í svörum þeirra kom fram að þeim þótti *mjög mikilvægt* að leggja áherslu á færniþættina fjóra, *talað mál, hlustun, lestur og ritun*. Hluta kennaranna þótti

mikilvægt eða nokkuð mikilvægt að leggja áherslu á málfræðikennslu og uppbyggingu orðaforða.

Kennsluaðferðir sem kennarar segjast leggja mikla eða mjög mikla áherslu á í kennslunni eru *hlustun, vinnubókarvinna, lestur bóka og blaða, að skrifa ritgerðir, að skrifa stíla, gera málfræðiafingar, og að fara yfir heimavinnu í kennslustundum.*

Samkvæmt spurningalistunum leggja kennarar minni áherslu á eftirfarandi kennsluaðferðir: *leiki og spil, hlutverkaleiki, þemavinnu, verkefni í tölvu eða á Interneti og þýðingar af ensku yfir á íslensku.* Í töflu 19 má sjá hvernig svör kennara dreifast á kennsluaðferðir. Tölurnar sýna fjölda svara en ekki fengust svör við öllum atriðum.

Tafla 19
Kennsluaðferðir og áherslur kennara – 9. - 10. bekkur

	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga
Leikir og spil		1	3	3	4
Talæfingar á ensku		1	6	4	
Tónlist og lagatextar	1	4		6	
Hlustunarefni	5	3	2		
Lesi upphátt	1	2	5	3	
Frásagnir / kynningar nemenda			6	5	
Hlutverkaleikir			2	5	3
Umræður á ensku	1	1	7	2	
Hópvinna		1	4	6	
Paravinna		5	4	2	
Þemavinna			4	6	1
Vinnubókarvinna	1	8	1		
Verkefni í tölvu eða á Interneti			4	5	2
Lesi bækur / blöð á ensku	5	2	2	1	
Horfa á myndbönd	1		4	5	
Skrifa ritgerðir, frásagnir eða sögur	1	7		1	

Skrifa stíla (þýða af íslensku á ensku)	1	6	1	1	2
Gera málfræðiaefingar	2	5	2	1	
Skrifa glósur, t.d. í glósubók	2	2	3	1	1
Þýða af ensku yfir á íslensku	1		2	5	2
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum	3	4		1	2

Kennarar í 5. bekk voru 14 og svöruðu 12 þeirra spurningalistum. Allir kennararnir hafa lokið kennaranámi nema einn, sem er í að ljúka kennaranámi í fjarnámi frá KHÍ. Þrír kennarar hafa ensku sem sérgrein í námi sínu. Allir kenna þeir bekkjarkennslu og aðrar námsgreinar en einn kennarinn hefur ensku sem aðalkennslufag. Stór hluti kennaranna, eða 10 þeirra, eru í fyrsta sinn að kenna ensku í 5. bekk. Sumir kennaranna hafa verið lengi í starfi en aðrir eru hefja kennsluferil sinn. Meðalstarfsaldur kennaranna er rúm 8 ár og höfðu þeir að meðaltali kennt ensku í 4½ ár.

Kennurunum í 5. bekk líkaði flestum vel við námsefnið en voru samt nokkuð gagnrýnir á það. Þeim þótti það vera *farið að eldast* og vanta í það eitt og annað, t.d. *hentugt hlustunarefni*. Kennarar töldu að nemendum líkaði námsefnið vel og flestir kennarar sögðust nota ítarefni í enskukennslunni en svörin skiptust til helminga hversu mikið ítarefni fyrir enskukennslu væri til staðar í skólanum. Jafnmargir töldu að það væri *frekar* eða *mjög mikið* og þeir sem töldu það vera *lítið* eða *ekki mikið*.

Kennurum fannst flestum að áhugi nemenda á enskunáminu væri *mjög mikill* og kunnátta þeirra *mjög misjöfn* þegar kennsla í ensku hófst.

Flestir kennaranna sögðust nota *ensku og íslensku til skiptis* sem samskiptamál í kennslustundum. Aðeins einn kennarinn í þessum hópi hafði fengið einhverja endurmenntum á sviði enskukennslu og tók þátt í starfi Félags enskukennara. Flestir telja að það kæmi sér að gagni að fá leiðsögn í að nýta námsefnið eða fá tækifæri til að öðlast meiri þekkingu á kennsluaðferðum eða upplýsingar um ýmiss konar ítarefni. Einnig telja þeir að endurmenntun í formi námskeiða, staðbundinna, erlendis eða á Netinu myndi nýtast þeim best.

Í 5. bekk eru *talað mál*, *hlustun* og *orðafordí* þeir þættir sem kennarar telja *mikilvægt* eða *mjög mikilvægt*. Sumum finnst *mikilvægt* eða *nokkuð mikilvægt* að leggja áherslu á *lesskilning* og flestir kennara telja *nokkuð mikilvægt* að leggja áherslu á *ritun*.

Viðhorf kennara til málfræðikennslu skiptist til helminga varðandi það hvort þeim finnst hún mikilvæg eða ekki.

Kennsluaðferðir sem kennarar í 5. bekk segjast leggja *mikla* eða *mjög mikla* áherslu á eru: *talæfingar*, *hlustun*, *umræður á ensku* og *paravinna*. Kennsluaðferðir sem kennarar leggja minni áherslu á í kennslu í 5. bekk eru: *verkefni í tölvu*, *horfa á myndbönd*, *skrifa stíla*, *gera málfræðiæfingar* og *fara yfir heimavinnu í kennslustundum*. Tafla 20 sýnir hvernig svör kennara varðandi viðhorf þeirra til kennsluaðferða dreifðust. Tölurnar tákna fjölda svara en ekki fengust svör við öllum atriðum.


Tafla 20
Kennsluaðferðir og áherslur kennara – 5. bekkur

	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga
Leikir og spil		5	4	3	
Talæfingar á ensku	5	4	2	1	
Söngvar	1	5	2	3	
Hlustunarefni	4	6	1		
Lesi upphátt	1	3	6		2
Frásagnir / kynningar nemenda	1	3	3	4	
Hlutverkaleikir	2	1	3	5	
Umræður á ensku	2	5	1	3	
Hópvinna	2	4	2	4	
Paravinna	4	5	3		
Þemavinna	1	3	1	3	3
Vinnubókarvinna	4	2	6		
Verkefni í tölvu eða á Interneti			4	5	2
Lesi bækur á ensku	1	2	2	4	1
Horfa á myndbönd		1	2	7	
Skrifa frjálst t.d. frásagnir eða sögur.			6	3	1

Skrifa stíla (Þýða af íslensku yfir á ensku)		1	1	6	2
Gera málfræðiaefingar			1	6	3
Skrifa glósur, t.d. í glósubók	1	4	3	2	1
Þýða af ensku yfir á íslensku	1	4	3	3	
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum		1	2	5	1

Kennarar í öllum árgöngum voru ekki sammála um hvort færa ætti enskukennslu neðar, jafnvel alveg niður í fyrsta bekk. Sumir voru því fylgjandi en aðrir töldu vafasamt að byrja að kenna erlent mál áður en nemendur hefðu náð valdi á móðurmálinu, lestri og skrift. Í einni spurningu í spurningalistum kennara var spurt um hvenær kennarar teldu æskilegt að hefja enskukennslu. Svör þeirra má sjá á mynd 26.

Mynd 26
Byrjun enskukennslu



Í viðtölum við alla kennara kom fram áhugi og vilji til að sinna starfinu vel, jafnvel þótt sumir væru eiginlega skikkaðir í enskukennsluna og vildu frekar kenna önnur

fög. Kennararnir kenna allir aðrar greinar en ensku, sumir sinna bróðurpartinum af kennslu í sínum umsjónarbekk og kenna því margar aðrar námsgreinar en sérhæfa sig ekki sem enskukennarar. Undirbúningur kennara fyrir kennslustundir er því meiri en þegar kennarar geta helgað sig einni námsgrein. Þar að auki var kennurum tíðrætt um námsefnið og eyddu bæði orku og tíma í að finna hentugt efni sem hægt væri að nota til viðbótar við kennslubók eða til að fjölríta í stað kennslubókar. Þetta fannst kennurum slítandi auk þess sem ýmislegt annað kallaði á orku þeirra, svo sem að sinna nemendum með ýmsar sérþarfir og skylduviðvera í skólanum sem gjarnan fór í margvísleg fundahöld og námskeið sem tengjast ekki enskukennslunni.

Í viðtölum voru kennarar spurðir um námsmat og námsmatsaðferðir. Í 5. bekk er helst kannaður orðaforði í skriflegum prófum en vinna í kennslustundum og verkefni í vinnubók vega einnig mikið. Í 9.-10. bekk eru formleg skrifleg próf tvisvar til þrisvar á ári en þess á milli er símat kennara oft byggt á vinnubókarvinnu, frammistöðu í stuttum prófum eða verkefnum og ástundum. Munnleg próf eða verkefni eru mjög lítið notaðar. Ekki kom fram hversu umfangsmikil eða erfið prófin eru eða hvernig nemendur standa sig í hinum mismunandi færniþáttum. Nokkrir kennarar létu þess þó getið að þeir teldu að kunnátta nemenda í ensku væri góð.

Vettvangsathuganir - skólaheimsóknir

Vettvangsathuganir voru 25 alls. Hér gafst tækifæri til að upplifa venjulegar kennslustundir og sjá nemendur fást við margvísleg verkefni. Sumar af þeim kennsluáðferðum sem spurt var um á spurningalistanum sáust í mismiklum mæli í skólaheimsóknum og sumar þeirra fléttuðust saman í kennslustundum.

9. – 10. bekkur

Dæmi um *leiki* má nefna að nemendur léku sér með orð, bekknum var skipt upp í lið sem kepptu um hvernig orðin skyldu stafsett. *Hlustun* á ensku af segulbandi eða geisladiski var með ýmsum hætti. Í einum bekk var verið að hlusta á sögu og fylgjast með texta en hlustun á ensku gat líka verið í formi hlustunaræfingar sem var að finna í kennslubókinni. Þegar um slíkar hlustunaræfingar var að ræða hélt kennarinn sig stundum við æfinguna en líka kom fyrir að kennarinn stöðvaði segulbandið og skaut inn viðbótarspurningu sem nemendur þurftu óvænt að svara. Stundum voru nemendur látnir *lesa upphátt* á ensku en sjaldan mjög langan texta, heldur eina eða tvær málsgreinar sem tengdust öðrum verkefnum. Oft voru nemendur að *vinna saman í hópum*, stundum var

skipt sérstaklega í hópa en hópaskiptingin gat verið mjög óformleg og sessunautar unnið saman.

Viðfangsefnin sem hópar fengust við tengdust gjarnan námsefninu á einhvern hátt. Einnig sáust dæmi um að hópar í sama bekk voru að fást við mismunandi viðfangsefni. Nemendur notuðu talsvert *vinnubækur* og leystu stundum verkefni samtímis og farið var yfir texta eða meðan verið var að lesa sögu eða annan texta. *Umræður á ensku* voru ekki algengar og í hópvinnu notuðu nemendur iðulega íslensku þótt þeir e.t.v. svöruðu kennara á ensku. *Paravinna* var helst óformleg samvinna sessunauta. Ekki gafst möguleiki á að fylgjast með þemavinnu og aðgengi nemenda að tölvum virðist ekki mikið en í einni vettvangsathuguninni voru nemendur að leysa ritunarverkefni í tölvum. Skólarnir láta nemendur fá *bækur til að lesa* (léttlestrarbækur) af mismundandi þyngdarstigi. Þessar bækur eru helst lesnar utan kennslustunda og falla undir heimavinnu en líka mátti sjá nemanda með slíka lestrarbók að eigin vali í kennslustund.

Í einum bekk sem var heimsóttur var verið að *skrifa ritgerð*. Sumir nemendanna brunuðu áfram í skrifum sínum en aðrir þurftu meiri umhugsunartíma og notuðu mikið strokleður. Oft höfðu kennarar stuttar *málfræðiafingar* í kennslustundum, í byrjun eða undir lok tímans. Þetta voru gjarnan sagnaefingar eða stuttar innfyllingaræfingar. Nemendur *glósuðu* talsvert, stundum eftir fyrirmælum kennarans en virtust líka skrifa hjá sér orð og glósur eftir þörfum. Í sumum kennslustundum var verið að *fara yfir heimavinnu*, t.d. *stíla* sem nemendur leiðréttu af glæru, og einnig kom fyrir að nemendur væru látnir *þýða* undirbúna texta en ekki endilega orðrétt eða nákvæmlega, heldur gátu þeir eins verið beðnir um að endursegja innihald setninga og málsgreina á íslensku.

Kennsluaðferðirnar fléttuðust talsvert saman, textayfirferð kallar bæði á glósur, málfræði, tal- og ritunarþjálfun ásamt hlustun og í hverri kennslustund var áhersla á þessa þætti í mismiklum mæli. Enskunotkun var mismikil – frá því að vera nær allsráðandi yfir í mjög litla notkun og ekki sem samskiptamál á milli kennarinnis og nemenda.

5. bekkur

Í flestum kennslustundum í 5. bekk, sem heimsóttar voru, notuðu kennarar svipuðar kennsluaðferðir. Oftast var unnið með tónlist og söngtexta og/eða leiki. Kennarinn spurði nemendur einfaldrá spurninga á ensku og þau svöruðu. Einfaldir textar voru lesnir og nemendur unnu í vinnubókum með eyðufyllinga verkefni.

Í einum 5. bekk fóru nemendur í *leik* sem kallaðist „Find your family“, þar sem nemendur þurftu að spyrja hver annan og leita að skyldmönnum. Nemendur þurftu að *tala saman* á ensku til að leysa verkefnið en líka sín á milli þegar lausnin var fundin. Leikurinn þjálfaði nemendur í að *tala og hlusta*, þeir gátu hreyft sig og leikurinn var greinilega skemmtilegur. Í öðrum bekk voru nemendur látnir lýsa einhverjum bekkjarfélagamönnum því að segja á ensku hvernig viðkomandi var klæddur. Hinir reyndu síðan að finna út við hvern var átt. Þetta þótti nemendum greinilega skemmtilegt og var auðvelt í framkvæmd.

Nemendur gerðu *hlustunaræfningar* úr *Portfolio* bókinni og tilheyrandi vinnubókum, stundum var *sungið* með, ef hlustunaræfingin bauð upp á það, eða að nemendur endurtóku það sem sagt var. Nemendur voru látnir *lesa upphátt* stöku orð eða setningar í tengslum við annað. *Hópvinna* var frekar óformleg, sessunautar unnu saman.

Þegar kennslustundir voru heimsóttar var algengt að nemendur væru að leysa verkefni í *vinnubók* í tengslum við *Portfolio* námsefnið sem flestir skólanna nota. Verkefni byggðu gjarnan á orðaforða úr textabókinni og mátti sjá mismunandi nálgun nemenda að sama svári eða sömu lausn á verkefnum.

Fjölrítt verkefni voru notuð til að mæta mismunandi getu og þörfum nemenda. Nemendur gátu unnið á eigin hraða og sumir brunuðu áfram og leystu verkefnið, t.d. krossgátur, hratt og örugglega en aðrir þurftu aðstoð til að leysa léttustu verkefnið.

Flestir skólarnir hafa aðgang að *léttlestrarbókum* sem nemendur fá með sér heim til að lesa eftir getu. *Glósur* voru stundum skrifaðar í kennslustundum en voru hvorki miklar né tímafrekar og fléttuðust inn í önnur verkefni. Stundum þurftu nemendur að *þýða* stök orð eða segja á íslensku hvað ákveðnar setningar þýddu. Það kom líka fyrir að nemendur voru í svokallaðri „stöðvarvinnu“ og unnu mismunandi verkefni á ákveðnum stöðum í kennslustofunni og fluttu sig á milli eftir því sem þau luku við verkefnið.

Það er skiljanlegt að hjá nemendum, sem eru að byrja að læra erlent mál, fari lítið fyrir kennsluáðferðum sem reyna á atriði eins og þýðingar, ritgerðasmíð, stíllagerð og málfræðikennslu. Sumir þessir þættir koma þó fyrir og fléttast inn í verkefnið. Nemendur skrifuðu t.d. örstuttar setningar og svör við spurningum. Þeir nemendur sem áttu í erfiðleikum með lestur og skrift skrifuðu setningar beint upp úr kennslubók.

Samantekt á niðurstöðum

Við úttektina var höfð hliðsjón af markmiðum sem menntamálaráðuneytið setti og komu fram í bréfi þess til skólastjóra og fræðslufyrvalda. Svörin komu fram bæði í spurningalistunum, viðtölum og í vettvangsathugunum. Viðmiðin voru mjög yfirgripsmikil og reynt var að fá svör við þeim öllum eins og unnt var.

Markmið úttektarinnar voru meðal annars að:

- afla upplýsinga um framkvæmd enskukennslu með tilliti til aðalnámskrár grunnskóla, s.s. kennsluhætti, námsefni, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, áherslur og markmiðssetningu.
- afla upplýsinga um árangur af enskukennslu í grunnskólum.
- afla upplýsinga um kennara í námsgreininni, menntun þeirra, viðhorf og bakgrunn.
- afla upplýsinga um stöðu námsgreinarinnar á skólastiginu og um áhrif ytra umhverfis.
- fá fram tillögur um hvernig bæta megi kennslu og árangur í greininni.

Aðalnámskrá og markmið

Í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) eru helstu meginmarkmið náms í erlendum tungumálum „að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.“ Jafnframt þurfa þeir að fá innsýn í menningu og siði í enskumælandi löndum. Aðalnámskrá bendir á að ákjósanlegt sé að nota fjölbreyttar kennsluáferðir sem taki mið af einstaklingsmiðuðum þörfum. Einnig er mælt með að nota ensku eins mikið og mögulegt er í kennslunni og þjálfna nemendur í öllum fjórum færniþáttum, lestri, ritun, hlustun og tali.

Af svörum kennara má ráða að langflestir þeirra noti Aðalnámskrá *oft* eða *stundum* til að styðjast við í kennslunni. Öllum finnast markmiðin *raunhæf* eða *nokkuð raunhæf* þótt einn kennarinn bendi á að þau geti verið *háleit* og *óraunhæf*, t.d. hvað varðar talþáttinn þar sem *ekki er tekið tillit til félagslegrar stöðu unglinga, feimni og viðkvæmni*.

Markmið Aðalnámskrár eru almennt höfð til hliðsjónar í skólanámskrám með sama eða svipuðu orðalagi. Þau eru fyrst og fremst færni-markmið og viðfangsefni en ekki er alltaf getið um leiðir að markmiðunum, þ.e. kennsluáferðirnar.

Kennsluhættir og áherslur

Mikil fylgni er í svörum nemenda og kennara um það sem kennarar leggja áherslu á í kennslu og það sem nemendur telja að sér gagnist. Þannig telja nemendur að hlustunarefni á ensku, vinnubókarvinna, málfræðiæfingar, lestur bóka og ritgerðarskrif gagnist sér mikið eða mjög mikið í enskunámi ásamt því þegar farið er yfir heimavinnu í kennslustund. Þessar kennsluaðferðir eru þær sömu og kennarar leggja áherslu á.

Nemendur telja að það sé mikið eða mjög mikið gagn í að þýða frá ensku yfir á íslensku og frá íslensku á ensku, ásamt því að gera glósu lista og málfræðiverkefni. Samt segjast kennarar ekki leggja áherslu á þessar kennsluaðferðir. Aðrar aðferðir sem nemendur telja að gagnist sér mikið eða mjög mikið eru talæfingar, lagatextar á ensku og ekki síst að horfa á myndbönd á ensku. Þessar kennsluaðferðir segjast kennarar leggja minni áherslu á.

Nokkrar kennsluaðferðir sem taldar eru árangursríkar til að virkja nemendur í skapandi málnotkun lögðu kennarar litla áherslu á samkvæmt svörum þeirra. Eins sögðu nemendur að þessar aðferðir væru sjaldan eða ekki notaðar í kennslustundum. Þessar kennsluaðferðir eru leikir og spil, hlutverkaleikir, hópvinna og þemavinna ásamt verkefnum í tölvu eða Interneti.

Eitt af þeim atriðum sem lögð er áhersla á í Aðalnámskrá er að nota ensku eins mikið og mögulegt er í kennslustundum. Enginn kennaranna sagðist nota *eingöngu ensku* í kennslunni en flestir segjast nota *ensku og íslensku til skiptis*. Tveir kennarar segjast nota *aðallega íslensku* í kennslustundum. Tæplega helmingur (44%) nemenda sagði að kennarinn notaði *alltaf* eða *oft* ensku í kennslustundum. Þótt kennarinn tali *alltaf ensku* samkvæmt svörum nemenda er ekki alveg ljóst hversu mikla ensku hann talar í kennslustundum.

Námsefni, námsmat, námskröfur og nýting tíma

Skoðun kennara á námsefninu skiptist nokkuð eftir aldurshópum. Kennarar í 5. bekk eru mun ánægðari með námsefnið en kennarar í 9. og 10. bekk. Þar telur tæplega helmingur kennara að námsefnið sé *sæmilegt* og heldur fleiri kennarar, sem kenna þessum árgöngum, telja einnig að nemendum líki *sæmilega* eða *ekki nógu vel* við námsefnið. Það er í samræmi við svör nemenda í 9.-10. bekk við spurningum um námsefnið, sem meirihluta nemenda finnst *ekki skemmtilegt* (40%) eða *leiðinlegt* (13%). Kennarar í 5.

bekk telja að nemendum líki námsefnið vel, sem kemur heim og saman við svör nemendanna, en flestum þeirra finnst námsefnið *mjög* eða *frekar skemmtilegt*.

Gott námsefni er kennurum hugleikið og þeir reyna að bæta upp námsefnið með ýmsum verkefnum og ljósritum. Sumir kennarar bregðast við námsefnisskortum með því að ljósrita efni úr ýmsum áttum, ýmist gamalt eða nýtt, t.d. fengið á Neti eða annars staðar, en einnig eru dæmi um að námsefni sé keypt erlendis frá. Kennarar yngri nemenda eru sáttari við námsefnið og nota langflestir sama námsefnið, *Portfolio*. Allir kennarar nota ítarefni í einhverjum mæli.

Í yngri bekkjum felst námsmat mikið í að meta vinnu og virkni nemenda en einnig eru sumir kennarar með stutt skrifleg próf eða kannanir sem reyna á orðaforða nemenda og tengist viðfangsefnum úr námsefni. Sumir skólar eru með formleg, skrifleg annarpróf sem miðast við skilning á orðaforða og hlustunarskilning.

Námsmat í 9. bekk byggist oftast á einkunnum úr skriflegum skyndiprófum, verkefnavinnu og frammistöðu í tímum ásamt lokannarprófum.

Í 10. bekk lýkur skólaárinu með samræmdum prófum í ensku sem allir 10. bekkingar á landinu taka. Sumum kennurum finnst samræmda prófið stýra kennslunni í 10. bekk um of. Sum próf og verkefni taka mið af verkefnum á samræmdu prófi 10. bekkjar. Flestir skólar gefa nemendum skólaeinkunn eða vetrareinkunn sem byggist á einkunnum úr ýmsum prófum í málfræði, málnotkun eða orðaforða og mati á heimavinnu og ástundun. Einnig eru dæmi um munnleg vorpróf að vori í 10. bekk sem hafa helmings vægi á móti skólaeinkunn. Slík próf eru til viðbótar við samræmd próf. Talfærni er sjaldan metin til einkunnar með formlegum hætti.

Í efri bekkjum eru fjórar kennslustundir á viku en tvær í 5. bekk. Misjafnt er hvernig skólar og kennarar skipuleggja kennsluna og nýta kennslustundir. Stundum er vikustundum skipt niður eftir færniþáttum en öðrum kennurum hentar að hafa fleiri færniþætti í einni og sömu kennslustund.

Að mati sumra nemenda er vinnufriður, agastjórnun og góð einstaklingsmiðuð kennsla mikilvæg og þeir segjast eiga erfitt með að læra nema þegar kennslustundir uppfylla þessi skilyrði.

- **afla upplýsinga um árangur af enskukennslu.**

Margir kennarar töldu að kunnátta nemenda í ensku væri yfirleitt góð, jafnvel mjög góð, þó ættu sumir nemendur í erfiðleikum með námið. Vegna persónuverndar var ekki skoðaður mælanlegur árangur nemenda svo sem á samræmdum prófum.

Nemendur telja sig hafa góða kunnáttu í ensku, strákar telja kunnáttu sína betri en stelpur gera í öllum aldurshópum. Nemendum þykir auðvelt að tileinka sér færniþættina en fleiri nemendur í 9. og 10. bekk finnst frekar erfitt að læra að skrifa ensku en að lesa, hlusta eða tala ensku. Í 5. bekk finnst hluta nemenda bæði frekar erfitt að læra að lesa ensku og skrifa hana.

Áberandi er að enskukunnátta hefur mikla kosti að mati nemenda, þeir telja sig geta notað enskt mál í samskiptum erlendis, til að skilja kvikmyndir og sjónvarpsþætti á ensku og til að lesa blöð og tímarit á ensku. Einnig telja nemendur að enskukunnáttan komi þeim að gagni við nám og störf í framtíðinni. Að þeirra mati gagnast enskan við að nota Internetið og strákar telja enskuna gagnlega í tölvuleikjum.

- **afla upplýsinga um kennara í námsgreininni, menntun þeirra, viðhorf og bakgrunn.**

Allir kennararnir sem tóku þátt í úttektinni utan einn, höfðu full kennsluréttindi en sá kennari stefndi að því að ljúka kennsluréttindanámi nú í vor. Þriðjungur kennara í 9. og 10. bekk hafði haft ensku sem valgrein í námi sínu, allir kennararnir kenna aðrar námsgreinar en ensku og um það bil tveir þriðju hlutar af kennurunum segjast hafa ensku sem aðalkennslugrein. Fjórðungur kennara í 5. bekk höfðu ensku sem valgrein í námi sínu, allir kenna aðrar námsgreinar en aðeins einn kennari segist hafa ensku sem aðalkennslugrein.

Nokkrir kennarar voru að hefja kennsluferil sinn og höfðu aðra sýn á kennsluna en þeir sem hafa margra ára kennslureynslu. Langflestir kennaranna í 5. bekk höfðu ekki kennt ensku í 5. bekk áður þótt þeir hefðu nokkurra ára kennslureynslu að baki.

Af svörum kennaranna má ráða að þeir hafi áhuga á að sækja endurmenntun á sviði enskukennslu og flestir telja að endurmenntunarnámskeið í ensku myndu nýtast þeim best í starfi, hvort heldur námskeiðin væru erlendis, hér á landi eða á Netinu. Rúmlega helmingur kennaranna hafði ekki fengið neina endurmenntun á sviði

enskukennslu. Sumir kennararnir sögðust kjósa að kenna aðrar námsgreinar frekar en ensku ef þeir ættu þess kost.

- **afla upplýsinga um stöðu námsgreinarinnar á skólastiginu og um áhrif ytra umhverfis**

Enska er vinsælt fag og nemendur lifa og hrærast í kvikmyndum og tónlist sem er aðallega á ensku. Eins og titill þessarar skýrslu ber með sér þá er *svalt* að tala ensku og umhverfisáhrif enskunnar koma fram í svari þess nemanda sem skrifaði *I'm smart thanks to modern day TV*

Enska í umhverfinu hefur áhrif áenskukunnáttu nemenda. Þannig telja flestir nemendur í 9.-10. bekk að þeri læri ensku á því að hlusta á tónlist á ensku og horfa á sjónvarpsþætti eða bíómyndir á ensku og meira en helmingur nemenda telur sig læra ensku með því að nota ensku á Internetinu. Nemendur í 5. bekk telja sig líka læra ensku af því að horfa á sjónvarpsþætti eða bíómyndir og hlusta á tónlist með enskum textum og rétt tæplega helmingur þeirra telur sig læra ensku af því að leika sér í tölvuleikjum. Í 9.-10. bekk eru nokkuð færri sem telja sig læra ensku af tölvuleikjum og innan við fjórðungur nemenda í 5. bekk telur sig læra ensku af Internetinu. Í öllum aldurshópum er greinilegt að strákar eru í miklum meirihluta þeirra sem telja sig læra ensku af tölvuleikjum.

Aðalnámskrá telur upplýsingatækni og þá fjölbreyttu möguleika sem bjóðast með henni vera mikilvæga í tungumálakennslu og nemendur telja sig læra ensku af því að horfa á myndbönd, vera á Internetinu og spila tölvuleiki, en ekkert af þessu segjast kennarar leggja áherslu á. Aðgengi nemenda að tölvum í skólunum er mjög lítið og sums staðar nánast útilokað að komast með bekk í tölvustofu.

- **fá fram tillögur um hvernig bæta megi kennslu og árangur í greininni.**

Í allri kennslu má alltaf gera betur og margt þarf að vera í sífelldri endurnýjun og endurskoðun eins og námsefni og kennsluhættir. Talað mál er sá færniþáttur íenskukennslunni sem helst mætti auka og bæta. Endurmenntun kennara gæti bætt úr þessu. Þannig gætu kennarar fengið hugmyndir og tileinkað sér aðferðir við að þjálfatalað mál auk þess sem þeir myndu þjálfá eigin færni í málinu.

UMRÆÐUR

Enskukennsla í 5. bekk er í góðum farvegi, segir einn kennaranna í 5. bekk. Hann segir ennfremur: Nemendur eru ánægðir sem er mjög gott í byrjun kennslu í öðru tungumáli. Mikilvægt er að viðhalda því jákvæða viðhorfi sem nemendur hafa til enskunáms. Á þetta er einnig bent í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) og með því er talið að traustur grunnur sé lagður að málanámi.

Enska er bæði mikilvæg og vinsæl námsgrein ef marka má svör nemenda. Þess vegna er umhugsunarvert er að tæpum 70% yngri nemenda finnst enska *mjög skemmtileg* en aðeins 25% nemenda í 9. og 10. bekk þykir enskan *mjög skemmtileg*. Ástæður þess gætu legið í því að nemendur í 5. bekk eru að byrja að læra ensku og talsvert nýjabrum er að því að læra erlent tungumál í fyrsta sinn. Hjá unglingum eru gerðar aðrar og meiri kröfur í náminu sem gætu haft áhrif á viðhorf þeirra. Athyglisvert er hversu stór hluti nemenda í 9. og 10. bekk finnst enska sem námsgrein *ekki skemmtileg* (14%) en einungis 2% nemenda í 5. bekk segja að enska sé *ekki skemmtileg* námsgrein. Hugsanlegt er að þetta viðhorf unglinganna gildi einnig um aðrar námsgreinar en ensku og tengist aldri nemenda og þroska.

Nemendur svöruðu spurningum um hvaða kennsluáferðir þeir teldu að þeir lærðu mest af. Ætla má að sumir nemendur hafi e.t.v. ekki alveg greint á milli þess sem er gert í kennslustundum og þess sem þeir telja þeir læri mest á. Einnig gæti verið að kennsluáferðir sem endurspeglast í einkunnum og prófum telji nemendur vera gagnlegar.

Þótt oft sé samræmi milli þeirra kennsluáferða sem nemendur telja að gagnist sér og þeirra sem kennarar telja sig leggja áherslu á, á það ekki við í öllum tilfellum. Dæmi um þetta má nefna kvikmyndir. Nemendur telja að þeir læri mikið af því að horfa á kvikmyndir með ensku tali, bæði í skólanum og utan hans. Athugasemdir sumra nemenda um að kvikmyndin „The Lord of the Rings“ með meðfylgjandi verkefnum sem þau gerðu hafi *bara verið best* og *þau skemmtilegustu* er líka vert að íhuga. Gæti verið að hér séu vannýttir möguleikar til að viðhalda áhuga nemenda en jafnframt til að kenna þeim ensku? Það gerir kröfur til kennara um aðra sýn á verkefni en þau hefðbundnu, en tæknilegur útbúnaður á ekki að vera fyrirstaða.

Aðalnámskrá leggur áherslu á að nemendur læri að nota ensku til tjáskipta við raunverulegar aðstæður. Þjálfun í munnlegri færni er sennilega helsti veikleikinn í

enskukennslunni og er brýnt að bæta þar úr. Nemendur nota almennt ekki ensku sín á milli í kennslustundum og svara stundum ekki kennaranum á ensku. Ástæður þess að talþátturinn situr á hakanum í enskukennslunni kann að vera fyrirhöfnin eða umstangið sem getur fylgt því að hafa talæfingar, sérstaklega ef þær eru ekki reglubundinn þáttur í náminu. Kennurum þykir ekki auðvelt að skipuleggja og framkvæma talæfingar. Ástæður fyrir því geta verið margar, til dæmis fjölmennir bekkir. Í sumum tilfellum er líklegt að kennurum finnist þeir ekki hafa nægilegt vald á enskunni sjálfir til að tala eingöngu ensku og fá nemendur til að tala meiri ensku. Eins er vert að huga að aðstæðum nemenda, en einn kennarinn benti á að ekki væri *tekið tillit til félagslegrar stöðu unglinga, feimni og viðkvæmni* í sumum markmiðum Aðalnámskrár.

Ef kennari notar ekki ensku til samskipta í kennslunni og leggur ekki fyrir nemendur verkefni sem þjálfa þau í tjáskiptum daglegs lífs fá nemendur færri tækifæri til að nota ensku, bæði að hlusta og tjá sig á tungumálinu.

Nemendur telja sig læra mikið af hlustunaræfingum og kennarar segjast leggja áherslu á þær í kennslu sinni. Hlustunaræfingar gefa nemendum möguleika á að sjá og heyra orð samtímis. Oftast tengjast hlustunarverkefni ákveðnum orðaforða sem verið er að þjálfa svo að orðaforðinn rifjast upp. Hlustun er fastur liður á samræmdu prófi í ensku í 10. bekk. Þetta vita bæði kennarar og nemendur og allir vilja vera vel undirbúnir að taka samræmt próf.

Verkstjórn kennarans er mikilvæg til að nemendur læri og nemendur kunna að meta slíkt. Þeir telja sig læra best þegar þeir hafa *góðan og menntaðan kennara sem veit nákvæmlega hvað allir eiga að gera og er með allt á hreinu*.

Það er hægara sagt en gert fyrir kennara að vera *með allt á hreinu* við þær aðstæður sem þeim eru búnar í skólanum. Mikið vinnuálag er á kennurum, sem allir kenna aðrar námsgreinar en ensku. Þeir þurfa að taka tillit til einstaklingsþarfa nemenda og uppfylla kröfur um viðveru sem ekki er hægt að nýta til að undirbúa sig fyrir kennslustundir, þar á meðal kennslustundir í ensku. Vera má að vinnuálagið hafi áhrif á að kennarar virðast vera frekar íhaldssamir á kennsluaðferðir og hafa ekki orku til að glíma við aðrar kennsluaðferðir þótt þær séu taldar vænlegar til árangurs. Þegar kennslu lýkur tekur við undirbúningur undir næstu kennslustundir eða úrvinnsla úr síðustu kennslustund, svo sem að fara yfir verkefni nemenda og færa árangur til bókar. Þar að auki þarf stundum að vera í sambandi við foreldra nemenda og kennarar hafa

viðveruskyldu sem fer í ýmiss konar fundahöld eða námskeið sem oft tengjast ekki enskukennslu beint.

Vinnuálag kennara veitir þeim lítinn tíma til að sinna samstarfi við aðra enskukennara eða auka færni sína í enskukennslu. Gott námsefni í miklu úrvali myndi vissulega auðvelda kennurum starf sitt. Framboð á námsefni þarf einnig að vera í sífelldri endurskoðun, þar sem það verður bæði gamalt og úrelt og þarf að endurnýja hratt. Eins og staðan er nú fer ómæld vinna kennara í að leita að hentugu námsefni, finna ítarefni og æfingar fyrir nemendur til að bæta upp námsefnið eða til þess að koma í staðinn fyrir námsefni sem kennarar telja illa nothæft. Sumt af þessu efni á heldur ekki upp á pallborðið hjá nemendum, sem eru þreyttir á fjölrítuðum heftum: *Það mætti eyða smá pening í bækur fram yfir hefti, maður verður þreyttur á þeim.*

Mikilvægt er að bregðast við því að sumir kennarar og nemendur eru ekki sáttir við námsefni sem er í boði. Ef námsefni þykir ekki gott þurfa kennarar að hafa aðgang að námsefni sem hentar. Í Aðalnámskrá grunnskóla Erlend tungumál (1999) er ekki bent á æskilegt námsefni heldur lögð áhersla á fjölbreytini í kennsluáðferðum sbr.: *Til þess að ná markmiðum málanáms er mikilvægt að beita mismunandi kennsluáðferðum, bæði einstaklingsmiðuðum og samvinnunámi. Allt fer þetta eftir eðli og umfangi verkefna hverju sinni.*

Kennarar hafa ekki mikla möguleika til að velja námsefni frá öðrum en Námsgagnastofnun. Úthlutunarkvóti skólanna bindur þá óneitanlega og eru kennarar ekki alls kostar sáttir við þetta fyrirkomulag. Sumir kennarar eru bæði mótfallnir úthlutunarfyrirkomulaginu og námsefninu sem boðið er upp á og telja að rjúfa þurfi miðstýringu Námsgagnastofnuna á því námsefni sem skólunum stendur til boða, þ.e. „Ríkisnámsefni“. Sumir kennarar eru ekki sáttir við námsbækurnar sem úthlutað er og einn þeirra segir: *Network bækurnar . . . vantar mikið upp á að það uppfylli kröfu Aðalnámskrár grunnskóla. Tími er kominn til að fjármagni sé frekar dreift til kaupa á efni erlendis frá. Þannig gæti Námsgagnastofnun boðið upp á meira framboð grunn- og aukaefnis og gætu skólar betur nýtt kvóta sinn sem og aukið fjölbreytini í enskukennslu.*

Einn kennari, sem líka var ósáttur við úthlutað námsefni, taldi reyndar að það væri í verkahring Námsgagnastofnunnar að finna hentugt námsefni en ekki á verk sviði starfandi kennara.

Í þessari úttekt var mest áhersla lögð á að skoða kennsluhætti í ensku í grunnskólum. Þegar á heildina er litið virðast hefðbundnar kennslu- og námsmatsaðferðir

vera ríkjandi. Þættir sem kalla á nánari skoðun, eru meðal annars námsmat og tengsl þess við kennsluna, sjálfstæð vinnubrögð nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi svo og menningarmiðlun í tungumálanámi.

ÁBENDINGAR

Niðurstöðurnar sem á undan eru komnar gefa vísbendingar um þætti sem heppilegt væri að taka til athugunar. Eftirfarandi ábendingar byggja á svörum nemenda og kennara við spurningalistum, viðtölum við kennara og vettvangsathugunum. Ábendingarnar eru átta alls og koma inn á fjögur atriði sem tengjast enskukennslu

Ábendingunum er ýmist beint til yfirvalda menntamála, skólastjórnenda og fræðsuyfirvalda eða til kennara. Sumar ábendingar tengjast fjármagni og skipulagningu og eru í verkahring yfirvalda og stjórnenda en aðrar tengjast kennslu og kennsluaðferðum og eru á ábyrgð kennaranna.

„In English, please“

Í svörum nemenda kemur skýrt fram að þeir telja sig ekki fá næg tækifæri til að nota enskuna til að þjálfa sig í málinu og benda á að þeir vilja meiri talæfingar. Flestir kennarar segjast nota bæði ensku og íslensku í kennslu og stöku kennarar nota aðallega íslensku sem samskiptamál í enskukennslunni. Nemendur eru að læra ensku til meðal annars til að geta notað hana í samskiptum við raunverulegar aðstæður og þess vegna er nauðsynlegt að nemendur þjálfist í tungumálinu. Til þess þurfa kennarar sjálfir að nota ensku í kennslustundum og skapa nemendum aðstæður til að þeir fái tækifæri til að tjá sig á ensku.

1. Eftirfarandi ábendingu er beint til kennara um að:

nota ensku sem samskiptamál í enskukennslunni.

Með því að nota ensku í kennslustundum þjálfast nemendur í að hlusta á og tala ensku. Ein leið í að styrkja kennara til að nota enskuna sem samskiptamál í kennslu er að auka áherslu á endurmenntun kennara bæði á sviði enskunnar og kennsluaðferða tungumála.

Aðstæður þurfa líka að vera fyrir hendi til að kennarar geti sinnt talmálsþætti tungumálakennslunnar, sem er mjög erfitt í framkvæmd í fjölmönnum bekkjum. Til þess

að geta sinnt einstaklingsþörfum nemenda og þjálfað tjáskiptafærni þeirra í ensku þyrftu bekkir að vera af hóflegri stærð.

2. Eftirfarandi ábendingu er beint til skólustjóra og fræðslufirvalda um að:
minnka hámarksfjölda nemenda í bekkjum.

Með fámennari bekkjum er auðveldara að sinna einstaklingsþörfum nemenda og þjálfa tjáskiptafærni, þar sem meiri tími verður fyrir hvern og einn.

Tölvur og tölvunotkun

Á 21. öldinni eru tölvur algengar og Netið býður uppá mikla möguleika í enskukennslu. Þar má finna bæði námsefni, orðabækur og mörg gagnvirk verkefni og spil. Tölvan gefur nemendum möguleika á skapandi viðfangsefnum og hún gagnast einnig mjög vel nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika.

Í skólum þarf að vera nægilegur fjöldi af tölvum sem eru aðgengilegar fyrir kennara og nemendur. Tölvum og tilheyrandi búnaði fylgir bæði stofn- og rekstrarkostnaður og nauðsynlegt er að tryggja skólum nægilegt fjármagn til að búa þá tölvum og tæknibúnaði sem hentar nútímakennsluaðferðum.

3. Eftirfarandi ábendingu er beint til yfirvalda menntamála um að:
að tryggja að skólar séu vel búnir tölvum sem séu aðgengilegar öllum, bæði nemendum og kennurum.

Með því að skólar hafi yfir að búa nægilega miklum og góðum tölvukosti gæti fjölbreytni í kennsluaðferðum aukist. Ekki síst myndi góður og aðgengilegur tölvukostur auðvelda kennurum að uppfylla viðmið Aðalnámskrár um notkun upplýsingatækni í tungumálanámi.

Tölvan getur verið tæki til að þjálfa nemendur. Hún getur verið skriffæri og skjalageymsla fyrir notandann og með aðgengi að Netinu verður tölvun upplýsingabanki með ótal möguleikum sem hægt er að nota í enskukennslu. Þessa möguleika tölvunnar er mikilvægt að notfæra sér í enskukennslunni eins og kostur er.

4. Eftirfarandi ábendingu er beint til kennara um að:
notfæra sér möguleika tölvu og Netsins í enskukennslu.

Með því að nota tölvu í kennslunni þjálfast nemendur bæði í ensku og í tölvunotkun og slíkt býr nemendur undir framtíðina. Með því að nota tölvur væri einnig hægt að koma betur til móts við mismunandi styrkleika og veikleika nemenda.

Námsefni

Ýmsir kennarar eru ekki sáttir við að hafa lítið val um námsefni og margir hafa farið þá leið að útbúa eigið efni og afhenda nemendum ljósrituð hefti. Mikið af námsefni til enskukennslu er gefið út um allan heim og þyrftu kennarar að hafa möguleika á að velja námsefni sem þeir telja henta.

5. **Eftirfarandi ábendingu er beint til yfirvalda menntamála um að:**
breyta núverandi fyrirkomulagi á úthlutun námsefnis og gefa skólum meira frelsi til að kaupa það námsefni sem hentar í hverjum skóla.

Með auknu frelsi til kaupa á námsefni aukast valmöguleikar kennara og ábyrgð þeirra í kennslu. Ætla má að námsefni sem kennarar eru sáttir við leiði til betri og markvissari kennslu og skapi kennurum meiri starfsánægju og betri starfsskilyrði.

Námsefni er meira en kennslubækurnar sem nemendur nota. Einnig þarf fjölbreytt úrval af hvers konar ítarefni og léttlestrarbókum og þarf slíkt efni að vera í sífelldri endurnýjun. Til þess þarf fjármagn, og tryggja þarf að skólar séu vel búnir ítarefni.

6. **Eftirfarandi ábendingu er beint til yfirvalda menntamála um að:**
tryggja skólum fjármagn til kaupa á ítarefni í enskukennslu.

Með því að hafa skóla vel búna ítarefni og léttlestrarbókum auðveldar það kennurum að koma til móts við þarfir nemenda. Það gæti einnig gert nemendur ábyrgari fyrir eigin námi að geta auðveldlega haft aðgang að lestrarbókum við hæfi og ítarefni sem hentar bæði afkastamiklum nemendum og þeim sem eru seinfærari.

Endurmenntun kennara

Sumir kennarar litu ekki sérstaklega á sig sem enskukennara heldur almenna kennara eða kennara yngri barna. Enskukennsla krefst faglegrar færni, bæði tungumálafærni og færni í að beita kennsluaðferðum tungumála. Þess vegna verður að vera nægilegt framboð á fjölbreyttum námskeiðum sem koma til móts við þarfir kennara sem geta verið einstaklingsbundnar eins og hjá nemendum.

7. **Eftirfarandi ábendingu er beint til yfirvalda menntamála um að:**
auka framboð á endurmenntunarnámskeiðum fyrir enskukennara til að viðhalda og auka færni sína í starfi.

Með úrvali námskeiða gefst kennurum kostur á að kynnast nýjum hugmyndum og kennsluaðferðum í enskukennslu. Slík námskeið styrkja kennara í starfi.

Í viðtölum við suma kennara kom fram að mikið vinnuálag er á þeim. Aukin viðvera kennara í skólum og aukin umráð skólastjóra yfir viðverutíma kennara með ýmiss konar fundahöldum og námskeiðum, sem eflaust eru mjög góð í sjálfu sér, leiðir til þess að kennurum finnst þeir hafa mjög lítinn tíma til endurmenntunar í sínu fagi, í þessu tilviki í ensku. Þegar viðveru lýkur að deginum til í skóla, er undirbúningur kennslu oft eftir, og kennarar hafa lítinn tíma eða „orku“ til endurmenntunar í faginu sjálfu, þ.e. ensku.

8. Eftirfarandi ábendingu er beint til skólastjóra og fræðsluyfirvalda um að:
gefa kennurum svigrúm innan skilgreinds vinnutíma að sækja sér endurmenntun í enskukennslu

Með aukinni endurmenntun og auknum möguleikum kennara til að sækja námskeið hlýtur staða enskunnar að styrkjast. Talþátturinn gæti fengið aukið vægi, sem er mikilvægt til að þjálfa samskiptafærni nemenda.

LOKAORÐ

Í þessari úttekt á enskukennslu var markmiðið að varpa ljósi á sem flesta þætti í enskukennslu hjá byrjendum og þeim nemendum sem eru um það bil að ljúka grunnskóla. Leitast var við að fá svör við sem flestum atriðum sem menntamálaráðuneytið óskaði eftir að skoðuð yrðu.

Niðurstöðurnar sem hér birtast sýna jákvæð viðhorf nemenda og kennara til enskunáms og -kennslu. Nemendum þykir enskan mikilvæg námsgrein og telja að hún gagnist sér á margan hátt. Þeir sjá tilgang í því að kunna ensku og hafa margvísleg tækifæri til að nota ensku utan skólans. Kennarar eru almennt sáttir við markmið Aðalnámskrár og styðjast við hana við gerð skólanámskrár og skipulagningu kennslunnar.

Í tengslum við enskukennsluna benda úttektaraðilar á nokkur atriði til úrbóta. Sum þeirra kalla á aukið fjármagn, önnur varða skipulagsbreytingar eða áherslur í kennsluháttum.

Úttektaraðilar hvetja forystumenn menntamála til að styðja vel við bakið á enskukennurum og aðstæðum til enskukennslu til að íslenskir grunnskólanemendur fái sem besta möguleika til að læra ensku, sem er mikilvægt tungumál í heimi hnattvæðingar.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend mál (1999) Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Auður Torfadóttir. (2003). *Enskukennsla í 5. bekk grunnskóla*. Niðurstöður úr könnun meðal kennara. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Bonnet, Gérard, (ritstjóri) (2004). *The assessment of pupils' skills in English in eight European countries 2002. A European Project*. European network of policy makers for the evaluation of education systems. DPD Edition diffusion, Paris.

Engelsk i grundskolen (2003). Danmarks Evalueringsinstitut.

Hasselgren, Angela (1996) *The EVA diagnostic testing and survey of English in the 8th grade of the Norwegian Comprehensive School 1994*. Report. Department of English. University of Bergen.

VIÐAUKI

Við úttektina voru spurningalistar lagðir fyrir þátttakendur, bæði nemendur og kennara. Eins og fram hefur komið svaraði hluti nemenda opnum spurningum og sá listi fylgir einnig hér í viðauka.

Í viðaukanum er einnig að finna lista yfir námsefni sem kennarar sögðust nota í kennslu sinni. Eftirfarandi námsefni er nefnt í svörum kennara við spurningunni: *Hvaða námsefni notar þú sem grunnefni í enskukennslu í 9. / 10. bekk á þessu skólaári?* Sama spurning var lögð fyrir kennara í 5. bekk.

Námsefni fyrir 10. bekk:

Opportunities Intermediate frá Longman/Pearson Education. Að auki

léttlestrarbækur

TnT – ljósritað efni

Network III - lesbók og vinnubók

Network

Breakaway 4, TnT, lesskilningsverkefni, SRA 2C, Schooltimes, ritunarverkefni

(Strange but true)

TnT, skáldsögur, ásamt ljósrituðu efni vegna skorts á námsefni

Network 3 les- og vinnubók og aukaefni frá kennara

Cambridge English for Schools 4, English Tests and Tasks, Málfræðihefti sett saman af kennurum, Test your listening, SRA-textar, Treasury Island, Deadly Harvest,

American Crime Stories, The Hound of the Baskervilles, Lord of the Rings; Return of the King (kvikmynd)

Námsefni fyrir 9. bekk:

Opportunities Pre-Intermediate (útg. Longman / Pearson)The Amazing Maurice and his educated rodents (höf. Terry Pratchett)

Network II – lesbók og vinnubók

Network

Move on, lesskilningsverkefni SRA 2B, Reading comprehension, Even more true stories, English school times, ritunarverkefni (Pets for sale)

Network 2, lesbók og vinnubók, hljómbönd, myndbönd, glærur og spil.
Move on, Network, skáldsögur
Cambridge English for Schools, Move on, Málfræðihefti sett saman af kennurum,
Task listening, SRA-textar Dracule, Braveheart, Ghost Stories, Lord of the Rings; the
Two Towers (kvikmynd)

Námsefni fyrir 5. bekk.

English is fun Sing the Alphabet
Portfolio Work out Speak out
Portfolio Work out Speak out - Friends (útg.Stalter) – léttlestrarbækur
Work out Speak out sögurammar, þemabækur sem fylgja efniinu
Námsefni og verkefni útbúið af kennara. Sögurami, fjölbreytt efni af Neti, svo sem af
activityvillage.co.uk

Enskunám í 5. bekk Spurningalisti til nemenda

Við höfum áhuga á að fá innsýn í viðhorf nemenda til enskunámsins. Vinsamlegast svaraðu spurningunum með því að krossa við það sem á best við. Einstaka sinnum þarftu ef til vill að skrifa stutt svör.

Kærar þakkir fyrir framlag þitt.

1. Kyn: Ert þú () stelpa? () strákur?
2. Hversu mikilvægt finnst þér að kunna ensku?
() Mjög mikilvægt
() Frekar mikilvægt
() Ekki mjög mikilvægt
() Óþarfi
3. Hvernig finnst þér enskukunnátta þín vera?
() Mjög góð
() Frekar góð
() Sæmileg
() Ekki nógu góð
4. Að hvaða leyti telur þú að enskukunnátta þín gagnist þér?
(*Settu kross við öll atriðin sem þér finnst eiga við um þig*)
() til að geta talað ensku í útlöndum
() til að skilja sönglagatexta
() til að geta lesið bækur og blöð á ensku
() til að skilja bíómyndir eða sjónvarpsþætti á ensku
() til að tala við erlenda ferðamenn á Íslandi
() gagnlegt fyrir nám og/eða starf í framtíðinni
() til að nota Internetið
() til að spila tölvuleiki

Annað: (Hér getur þú bætt fleiri atriðum við ef þú vilt)

5. Hversu auðvelt/erfitt finnst þér að læra ensku?

a) Að **hlusta** á ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

b) Að **tala** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

c) Að **lesa** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

d) Að **skrifa** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

6. Hvernig finnst þér enska sem námsgrein?

Mjög skemmtileg

Frekar skemmtileg

Ekki skemmtileg

Leiðinleg

7. Hvernig finnst þér námsefnið (námsbækur o.fl.) sem notað er í ensku?

Mjög skemmtilegt

Frekar skemmtilegt

Ekki skemmtilegt

Leiðinlegt

8. Talar kennarinn þinn ensku í enskutímum?

Alltaf Oft Stundum Sjaldan

9. Svvara nemendurnir kennaranum á ensku í enskutímum?

Alltaf Oft Stundum Sjaldan

10. Tala nemendur ensku við aðra nemendur í bekknum í enskutímum?

() Alltaf () Oft () Stundum () Sjaldan

11. Hversu mikið finnst þér þú læra þegar eftirfarandi aðferðir eru notaðar í enskutímum?

(Settu kross í þá reiti sem þér finnst eiga við. Settu **aðeins ein kross** í hverja línu.)

Mér finnst ég læra:	mjög mikið	mikið	ekki mikið	á ekki við / sjaldan gert
Leikir og spil				
Samtalsæfingar nemenda				
Tónlist og lagatextar				
Að hlusta á ensku (af segulbandi eða geisladisk)				
Lesið upphátt				
Nemendur segja frá				
Leika atriði (leikrit)				
Hópvinna				
Vinnubókarvinna				
Æfingar í tölvu				

Lesað bækur á ensku				
Horfa á myndbönd				
Skrifa frjálst, t.d. frásagnir eða sögur				
Skrifa stíla (þýða af íslensku yfir á ensku)				
Gera málfræðiæfingar				
Skrifa glósur, t.d. í glósubók				
Þýða af ensku yfir á íslensku				

12. Hversu mikinn tíma heldur þú að þú notir í heimavinnu í ensku á viku?

- () Minna en eina klukkustund á viku
 () 1-2 klukkustundir á viku
 () 3-4 klukkustundir á viku
 () Meira en fjórar klukkustundir á viku

13. Hvar heldur þú að þú lærir ensku annars staðar en í skólanum?

Merktu við það sem á við þig.

Ég les bækur á ensku.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég horfi á sjónvarpsþætti eða bíómyndir á ensku.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég tala ensku við útlendinga.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég hef notað ensku á ferðalögum.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég hef átt heima í enskumælandi landi.

Já Nei

Ég á vin eða skyldmenni sem ég tala ensku við.

Já Nei

Ég nota ensku á Internetinu.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég leik mér í tölvuleikjum á ensku.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég hlusta á tónlist með enskum textum.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég les eða skoða blöð á ensku.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Enskunám í 9. /10. bekk Spurningalisti til nemenda

Við höfum áhuga á að fá innsýn í viðhorf nemenda til enskunámsins. Vinsamlegast svaraðu spurningunum með því að krossa við það sem á best við. Einstaka sinnum þarftu ef til vill að skrifa stutt svör.

Kærar þakkir fyrir framlag þitt.

1. Kyn: Ert þú () stelpa? () strákur?
2. Bekkur: Ert þú í () 9. bekk? () 10. bekk?
3. Hversu mikilvægt finnst þér að kunna ensku?
() Mjög mikilvægt
() Frekar mikilvægt
() Ekki mjög mikilvægt
() Óþarfi
4. Hvernig finnst þér enskukunnátta þín vera?
() Mjög góð
() Frekar góð
() Sæmileg
() Ekki nógu góð
5. Að hvaða leyti telur þú að enskukunnátta þín gagnist þér?
(*Settu kross við öll atriðin sem þér finnst eiga við um þig*)
() til að geta talað ensku í útlöndum
() til að skilja sönglagatexta
() til að geta lesið bækur og blöð á ensku
() til að skilja bíómyndir eða sjónvarpsþætti á ensku
() til að tala við erlenda ferðamenn á Íslandi
() gagnlegt fyrir nám og/eða starf í framtíðinni
() til að nota Internetið
() til að spila tölvuleiki

Annað: (Hér getur þú bætt fleiri atriðum við ef þú vilt)

6. Hversu auðvelt/erfitt finnst þér að læra ensku?

a) Að **hlusta** á ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

b) Að **tala** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

c) Að **lesa** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

d) Að **skrifa** ensku

Mjög auðvelt Auðvelt Frekar erfitt Erfitt

7. Hvernig finnst þér enska sem námsgrein?

Mjög skemmtileg

Frekar skemmtileg

Ekki skemmtileg

Leiðinleg

8. Hvernig finnst þér námsefnið (námsbækur o.fl.) sem notað er í ensku?

Mjög skemmtilegt

Frekar skemmtilegt

Ekki skemmtilegt

Leiðinlegt

9. Talar kennarinn þinn ensku í enskútímum?

Alltaf Oft Stundum Sjaldan

10. Svára nemendurnir kennaranum á ensku í enskútímum?

() Alltaf () Oft () Stundum () Sjaldan

11. Tala nemendur ensku við aðra nemendur í bekknum í enskutímum?

() Alltaf () Oft () Stundum () Sjaldan

12. Hversu mikið finnst þér þú læra þegar eftirfarandi aðferðir eru notaðar í kennslustundum?

(Settu kross í þá reiti sem þér finnst eiga við. Aðeins ein kross í hverja línu.)

Mér finnst ég læra:	mjög mikið	mikið	ekki mikið	Á ekki við / Sjaldan gert
Leikir og spil				
Talæfingar á ensku				
Tónlist og lagatextar				
Að hlusta á ensku (t.d. segulband)				
Lesi upphátt				
Frásagnir / kynningar nemenda				
Hlutverkaleikir				
Hópvinna				
Vinnubókarvinna				
Umræður á ensku				
Paravinna				
Þemavinna				
Verkefni í tölvu eða á Interneti				
Lesi bækur og blöð á ensku				
Horfa á myndbönd				
Skrifa frjálst, ritgerðir,				

frásagnir eða sögur				
Skrifa stíla (þýða af íslensku yfir á ensku)				
Gera málfræðiæfingar				
Skrifa glósur, t.d. í glósubók				
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum				
Þýða af ensku yfir á íslensku				

13. Er eitthvað sem þú vildir hafa öðruvísi í enskukennslunni?
(Finnst þér til dæmis eitthvað vanta?)

14. Hversu mikinn tíma heldur þú að þú notir í heimavinnu í ensku á viku?

- () Minna en eina klukkustund á viku.
() 1-2 klukkustundir á viku.
() 3-4 klukkustundir á viku.
() Meira en fjórar klukkustundir á viku.

15. Hvar telur þú að þú lærir ensku líka annars staðar en í skólanum?
Merktu við það sem á við þig.

Ég les bækur á ensku.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég horfi á sjónvarpsþætti eða bíómyndir á ensku.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég tala ensku við útlendinga

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég hef notað ensku á ferðalögum.

- () Oft () Stundum () Sjaldan () Aldrei

Ég hef átt heima í enskumælandi landi.

Já Nei

Ég á vin eða skyldmenni sem ég tala ensku við

Já Nei

Ég nota ensku á Internetinu.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég leik mér í tölvuleikjum á ensku.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég hlusta á tónlist með enskum textum.

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Ég les eða skoða tímarit á ensku

Oft Stundum Sjaldan Aldrei

Úttekt á enskukennslu í grunnskólum

Nóvember 2005

Enskunám í 9. og 10. bekk Spurningalisti til nemenda

**Við höfum áhuga á að fá innsýn í viðhorf nemenda til enskunámsins.
Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningunum.**

1. Kyn: Ert þú stelpa? strákur?

2. Bekkur: Ert þú í () 9. bekk? () 10. bekk?

3. Hvernig finnst þér að þú lærir ensku best?

4. Hvaða kennsluaðferðir finnst þér virka best í enskutímum?

5. Hvaða kennsluaðferðir sem notaðar eru í enskukennslunni höfðu minnst til þín?

6. Hvað finnst þér um námsefnið (námsbækur o.fl.) sem notað er í enskukennslunni?

7. Er eitthvað sem þú vildir hafa öðruvísi í enskukennslunni? Finnst þér til dæmis eitthvað vanta?

Kærar þakkir fyrir framlag þitt

Enskukennsla í 5. bekk
Spurningalisti fyrir kennara

Bakgrunnur

1. Aldur: () 20-29 ára () 30-39 ára () 40-49 ára
 () 50-59 ára () 60-69 ára

2. Kyn: () Kona () Karl

3. Hvað kennir þú ensku í mörgum bekkjardeildum í 5. bekk?

4. Hefur þú kennt ensku í 5. bekk áður? () Já () Nei

5. Hversu lengi hefur þú starfað sem kennari? _____

6. Er enska aðalkennslufagið þitt? () Já () Nei

7. Hversu lengi hefur þú kennt ensku? _____

8. Kennir þú önnur fög en ensku? () Já () Nei

8a. Ef svarið við 8. er já, hvaða fög kennir þú?

9. Hefur þú dvalist í landi þar sem enska var aðalsamskiptamálið?

- () Já
() Nei

9.a. Ef svarið við 9. er já, hve lengi?

Fjöldi mánaða _____

Fjöldi ára _____

10. Hefur þú lokið formlegu kennaranámi eða kennsluréttindanámi?

- Já
- Nei
- er í kennaranámi

10.a. Ef svarið við 10. er já eða ef þú ert í kennaranámi, frá hvaða stofnun laukst þú (munt þú ljúka) því námi?

- Kennaraskóla Íslands
 - Kennaraháskóla Íslands með ensku sem valgrein
 - Kennaraháskóla Íslands með aðra grein (greinar) en ensku sem valgrein
 - Háskóla Íslands með ensku sem aðal- eða aukagrein til B.A. gráðu auk uppeldis- og kennslufræði
 - Háskóla Íslands með aðra grein (greinar) en ensku auk uppeldis- og kennslufræði
 - Háskólanum á Akureyri
 - Annars staðar frá _____
-

10.b. Ef svarið við 10. er nei, vinsamlegast merktu við hæstu menntunargráðu sem þú hefur lokið. Merktu aðeins við einn möguleika.

- Grunnskólapróf
 - Sérskólapróf
 - Stúdentspróf
 - B.A., B.S. eða sambærilegt nám
 - M.A, M.S. eða hærri
 - Annað _____
-

Næstu spurningar fjalla um námsefnið í 5. bekk og reynsluna af því.

11. Hvaða námsefni notar þú sem grunnefni í enskukennslu í 5. bekk á þessu skólaári?

12. Hvernig líkar þér við námsefnið sem þú notar?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Ekki nógu vel
- Alls ekki

13. Finnst þér eitthvað vanta í námsefnið sem þú notar? Ef svo er, þá hvað?

14. Hvernig telur þú að nemendum líki við námsefnið?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Ekki nógu vel

15. Notar þú ítarefni í enskukennslu?

- Mjög oft
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

15.a. Ef þú notar ítarefni, hvers konar efni notar þú helst?

16. Býrðu sjálf/ur til verkefni við námsefnið sem þú notar?

- Mjög oft
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

17. Hversu mikið ítarefni, verkefnabanki, handbækur o.s.frv. fyrir enskukennslu er til staðar í skólanum?
() Mjög mikið
() Frekar mikið
() Ekki mikið
() Lítið

Kennsla og kennsluhættir

18. Hvernig fannst þér enskukunnátta nemenda vera þegar kennslan hófst í haust?
() Mjög misjöfn
() Misjöfn
() Lítil munur á kunnáttu
19. Hvernig finnst þér áhugi nemenda á enskunáminu vera?
() Mjög mikill
() Frekar mikill
() Lítil
() Enginn
20. Telur þú að fjöldi kennslustunda í ensku í 5. bekk, þ.e. 2 stundir á viku, sé
() of lítið?
() hæfilegt?
21. Telur þú ef til vill æskilegt að hefja enskukennslu fyrir en í 5. bekk?
() Já
() Nei
() Hef ekki myndað mér endanlega skoðun á því
- 21a. Ef svarið við 21. er já, hvenær telur þú að sé æskilegt að hefja enskukennslu?
() í fyrsta bekk () í öðrum bekk () í þriðja bekk () í fjórða bekk
22. Hvaða tungumál notar þú sem samskiptamál í enskukennslunni?
() Eingöngu ensku
() Aðallega ensku
() Ensku og íslensku til skiptis
() Aðallega íslensku

23. Hvað finnst þér mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á í enskukennslu í 5. bekk? Vinsamlegast krossaðu í viðeigandi reiti.

	Mjög mikilvægt	Mikilvægt	Nokkuð mikilvægt	Ekki mjög mikilvægt	Alls ekki mikilvægt
Talað mál					
Hlustun					
Lesskilningur					
Ritun					
Orðaforði					
Málfræði					

24. Hversu mikla áherslu leggur þú á eftirfarandi kennsluaðferðir eða leiðir í kennslunni? Vinsamlegast krossaðu í viðeigandi reiti. (Þú getur bætt fleiri atriðum við neðst).

	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga
Leikir og spil					

Talæfingar á ensku					
Söngvar					
Hlustunarefni					
Lesa upphátt					
Frásagnir / kynningar nemenda					
Hlutverkaleikir					
Umræður á ensku					

<i>Frh.</i>	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga
Hópvinna					
Paravinna					
Þemavinna					
Vinnubókarvinna					
Verkefni í tölvu eða á Interneti					
Lesi bækur á ensku					
Horfa á myndbönd					
Skrifa frjálst t.d. frásagnir eða sögur.					
Skrifa stíla (Þýða af íslensku yfir á ensku)					
Gera málfræðiæfingar					
Skrifa glósur, t.d. í glósubók					
Þýða af ensku yfir á íslensku					
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum					

25. Notar þú Aðalnámskrá til að styðjast við í kennslunni?
 Oft
 Stundum
 Sjaldan
 Aldrei
26. Hversu raunhæf telur þú að þrepamarkmiðin fyrir enskukennslu í 5. bekk, sem sett eru fram í Aðalnámskrá, séu?
 Mjög raunhæf
 Raunhæf
 Nokkuð raunhæf
 Óraunhæf
 Mjög óraunhæf

Athugasemdir _____

Endurmenntun

27. Hefur þú fengið einhvers konar menntun eða endurmenntun á sviði enskukennslu héraendis eða erlendis?
 Já
 Nei

27.b Ef svarið við 27. er já, vinsamlegast merktu í viðeigandi reiti við allt sem við á, bæði tegund menntunar og endurmenntunar og fjölda námskeiða í hverjum þætti fyrir sig þar sem við á.

<u>Tegund:</u>	<u>Fjöldi:</u>
<input type="checkbox"/> Námskeið	_____
<input type="checkbox"/> Fræðslufundir	_____
<input type="checkbox"/> Kynningar	_____
<input type="checkbox"/> Ráðstefnur	_____
<input type="checkbox"/> Einstök námskeið í ensku í KHÍ / HÍ	_____
<input type="checkbox"/> Annað	_____

28. Ef þér finnst vanta eitthvað upp á færni þína eða þekkingu, hvað af eftirfarandi telurðu að kæmi þér helst að gagni. Merktu við allt sem við á.

- Þjálfun í ensku talmáli
- Tækifæri til að öðlast meiri þekkingu á kennsluaðferðum
- Leiðsögn í að nýta námsefnið
- Þjálfun í að beita þeim vinnubrögðum sem námsefnið krefst (t.d. hópvinnu, paravinnu, þemavinnu, leikjum)
- Upplýsingar um ýmiss konar ítarefni
- Tölvukunnátta
- Annað. _____

29. Ef þú gætir valið hvers konar endurmenntun eða stuðningur væri í boði, hvað af eftirfarandi telurðu að myndi nýtast þér best? Merktu með tölustöfum við það sem þér finnst koma til greina. 1 merkir það sem myndi nýtast þér best, 2 það sem kæmi næst o.s.frv.

- Sumarnámskeið héraendis
- Sumarnámskeið erlendis
- Námskeið með reglulegri viðveru sem dreifist á starfstíma skóla
- Námskeið á neti sem dreifist á starfstíma skóla
- Sérhæft viðbótarnám í enskukennslu fyrir unga byrjendur (t.d. við KHÍ) sem hægt væri að stunda með starfi
- Ráðgjafarþjónusta
- Aðgengilegar upplýsingar um ítarefni

Annað: _____

30. Tekur þú þátt í starfi Félags enskukennara á Íslandi (FEKÍ)?

- Já
- Nei

31. Hér fyrir neðan gefst þér tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum, skoðunum og tillögum varðandi enskukennsluna með sérstöku tilliti til námsefnis, endurmenntunar, kennsluhátta, eigin reynslu af kennslunni og markmiða Aðalnámskrár.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna

Enskukennsla í 9. og 10. bekk

Spurningalisti fyrir kennara

Bakgrunnur

1. Aldur: () 20-29 ára () 30-39 ára () 40-49 ára
 () 50-59 ára () 60-69 ára
2. Kyn: () Kona () Karl
3. Hvað kennir þú ensku í mörgum bekkjardeildum í 9. eða 10. bekk?
Fjöldi bekkja í 9. bekk: _____
Fjöldi bekkja í 10. bekk: _____
4. Hefur þú kennt ensku í 9. eða 10. bekk áður? () Já () Nei
5. Hversu lengi hefur þú starfað sem kennari? _____
6. Kennir þú önnur fög en ensku? () Já () Nei
6a. Ef svarið við 6. er já, hvaða fög kennir þú?

7. Er enska aðalkennslufagið þitt? () Já () Nei
8. Hversu lengi hefur þú kennt ensku? _____
9. Hefur þú dvalist í landi þar sem enska var aðalsamskiptamálið?
() Já
() Nei
9.a. Ef svarið við 9. er já, hve lengi?
Fjöldi mánaða _____
Fjöldi ára _____

Menntun

10. Hefur þú lokið formlegu kennaranámi eða kennsluréttindanámi?

- Já
- Nei
- Er í kennaranámi

10.a. Ef svarið við 10. er já eða ef þú ert í kennaranámi, frá hvaða stofnun laukst þú (munt þú ljúka) því námi?

- Kennaraskóla Íslands
 - Kennaraháskóla Íslands með ensku sem valgrein
 - Kennaraháskóla Íslands með aðra grein (greinar) en ensku sem valgrein
 - Háskóla Íslands með ensku sem aðal- eða aukagrein til B.A. gráðu auk uppeldis- og kennslufræði
 - Háskóla Íslands með aðra grein (greinar) en ensku auk uppeldis- og kennslufræði
 - Háskólanum á Akureyri
 - Annars staðar frá _____
-

10.b. Ef svarið við 10. er nei, vinsamlegast merktu við hæstu menntunargráðu sem þú hefur lokið. Merktu aðeins við einn möguleika.

- Grunnskólapróf
- Sérskólapróf
- Stúdentspróf
- B.A., B.S. eða sambærilegt nám
- M.A, M.S. eða hærri

Annað: _____

11. Hvenær telur þú að sé æskilegt að hefja enskukennslu?

- í fyrsta bekk
- í öðrum bekk
- í þriðja bekk
- í fjórða bekk
- í fimmta bekk

Næstu spurningar fjalla um námsefnið í 9. og 10. bekk og reynsluna af því.

12. Hvaða námsefni notar þú sem grunnefni í enskukennslu í 9. / 10. bekk á þessu skólaári?

a) 9. bekk: _____

b) 10. bekk: _____

13. Hvernig líkar þér við námsefnið sem þú notar?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Ekki nógu vel
- Alls ekki

14. Finnst þér eitthvað vanta í námsefnið sem þú notar? Ef svo er, þá hvað?

15. Hvernig telur þú að nemendum líki við námsefnið?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Ekki nógu vel

16. Notar þú ítarefni?

- Mjög oft

- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

16a. Ef þú notar ítarefni, hvers konar efni notar þú helst?

17. Býrðu sjálf/ur til verkefni við námsefnið sem þú notar?

- Mjög oft
- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

18. Hversu mikið ítarefni, verkefnabanki, handbækur o.s.frv. fyrir enskukennslu er til staðar í skólanum?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Ekki mikið
- Lítið

Kennsla og kennsluhættir

19. Hvernig finnst þér áhugi nemenda á enskunáminu vera?

- Mjög mikill
- Frekar mikill
- Lítil
- Enginn

20. Hvaða tungumál notar þú sem samskiptamál í enskukennslunni?

- Eingöngu ensku
- Aðallega ensku
- Ensku og íslensku til skiptis
- Aðallega íslensku

21. Hvað finnst þér mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á í enskukennslunni?
Vinsamlegast krossaðu í viðeigandi reiti.

	Mjög mikilvægt	Mikilvægt	Nokkuð mikilvægt	Ekki mjög mikilvægt	Alls ekki mikilvægt
Talað mál					
Hlustun					
Lesskilningur					
Ritun					
Orðaforði					
Málfræði					

22. Hversu mikla áherslu leggur þú á eftirfarandi kennsluaðferðir eða leiðir í kennslunni? Vinsamlegast krossaðu í viðeigandi reiti. (Þú getur bætt fleiri atriðum við neðst).

	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga
Leikir og spil					
Talæfingar á ensku					
Tónlist og lagatextar					
Hlustunarefni					
Lesi upphátt					
Frásagnir / kynningar nemenda					
Hlutverkaleikir					
<i>Frh.</i>	Mjög mikla	Mikla	Nokkuð mikla	Ekki mikla	Enga

Umræður á ensku					
Hópvinna					
Paravinna					
Þemavinna					
Vinnubókar- vinna					
Verkefni í tölvu eða á Interneti					
Lesi bækur / blöð á ensku					
Horfa á myndbönd					
Skrifa ritgerðir, frásagnir eða sögur					
Skrifa stíla (þýða af íslensku á ensku)					
Gera málfræðiæfingar					
Skrifa glósur, t.d. í glósubók					
Þýða af ensku yfir á íslensku					
Fara yfir heimavinnu í kennslustundum					

23. Notar þú Aðalnámskrá til að styðjast við í kennslunni?

- Oft
- Stundum
- Sjaldan
- Aldrei

24. Hversu raunhæf telur þú að þrepamarkmiðin fyrir enskukennslu í 9-10. bekk, sem sett eru fram í Aðalnámskrá, séu?

- Mjög raunhæf
- Raunhæf
- Nokkuð raunhæf
- Óraunhæf
- Mjög óraunhæf

Athugasemdir _____

Endurmenntun

25. Hefur þú fengið einhvers konar endurmenntun á sviði enskukennslu hérlendis eða erlendis?

- Já
- Nei

25.b Ef svarið við 25. er já, vinsamlegast merktu í viðeigandi reiti við allt sem við á, bæði tegund menntunar og endurmenntunar og fjölda námskeiða í hverjum þætti fyrir sig þar sem við á.

<u>Tegund:</u>	<u>Fjöldi:</u>
<input type="checkbox"/> Námskeið	_____
<input type="checkbox"/> Fræðslufundir	_____
<input type="checkbox"/> Kynningar	_____
<input type="checkbox"/> Ráðstefnur	_____
<input type="checkbox"/> Einstök námskeið í ensku í KHÍ / HÍ	_____

Annað: _____

26. Ef þér finnst vanta eitthvað upp á færni þína eða þekkingu, hvað af eftirfarandi telurðu að kæmi þér helst að gagni. Merktu við allt sem við á.

- Þjálfun í ensku talmáli
- Tækifæri til að öðlast meiri þekkingu á kennsluaðferðum
- Leiðsögn í að nýta námsefnið
- Þjálfun í að beita þeim vinnubrögðum sem námsefnið krefst (t.d. hópvinna, paravinnu, þemavinnu, leikjum)
- Upplýsingar um ýmiss konar ítarefni
- Tölvukunnátta

Annað: _____

27. Ef þú gætir valið hvers konar endurmenntun eða stuðningur væri í boði, hvað af eftirfarandi telurðu að myndi nýtast þér best? Merktu með tölustöfum við það sem þér finnst koma til greina. 1 merkir það sem myndi nýtast þér best, 2 það sem kæmi næst o.s.frv.

- Sumarnámskeið héraendis
- Sumarnámskeið erlendis
- Námskeið með reglulegri viðveru sem dreifist á starfstíma skóla
- Námskeið á Neti sem dreifist á starfstíma skóla
- Sérhæft viðbótarnám í enskukennslu fyrir unga byrjendur (t.d. við KHÍ) sem hægt væri að stunda með starfi
- Ráðgjafarþjónusta
- Aðgengilegar upplýsingar um ítarefni

Annað: _____

28. Tekur þú þátt í starfi Félags enskukennara á Íslandi (FEKÍ)?

- Já
- Nei

29. Hér fyrir neðan gefst þér tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum, skoðunum og tillögum varðandi enskukennsluna með sérstöku tilliti til námsefnis, endurmenntunar, kennsluhátta, eigin reynslu af kennslunni og markmiða Aðalnámskrár.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna